


VÍNBÚÐIN | ÁTVR

2024

# ÁRS- OG SAMFÉLAGS-SKÝRSLA ÁTVR

VÍNBÚÐIN | ÁTVR

# ÁRS- OG SAMFÉLAGSSKÝRSLA ÁTVR 2024

©2025 Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins
Stuðlaháls 2
vinbudin@vinbudin.is
vinbudin.is

# EFNISYFIRLIT


## INNGANGUR 7

Frá forstjóra ........ 9
Heildarstefna ........ 12
Skipulag og stjórnun ........ 14
Framkvæmdaráð ........ 15
Árs- og samfélagsskýrsla ........ 16
Stefnuáherslur ........ 17
Mikilvægisgreining ........ 17
Sjálfbærnistjórnun ........ 19
Markmið og mælikvarðar ........ 19
Sjálfbærnistjórnun ........ 19

## FRÁBÆR UPPLIFUN 21

Frábær upplifun ........ 22
Ánægja viðskiptavina ........ 23

Vefurinn og samfélagsmiðlar ........ 24
Fjöldi viðskiptavina ........ 25
Ábyrgt vöruval ........ 27
Norrænt samstarf á sviði samfélagsábyrgðar ........ 27
Ábyrgt vöruval ........ 27
Sérstakar áherslur í vöruvali ........ 29
Gæðaeftirlit vöru ........ 29
Samskipti við birgja ........ 29

Vínbúðir ársins ........ 30

## JÁKVÆÐ MENNING 33

Jákvæð menning ........ 34
Starfsánægja ........ 35
Góð heilsa ........ 35
Greining og tölur ........ 35
Slys og fjarvistir vegna veikinda ........ 37
Fræðsla og starfsþróun ........ 37
Kjarasamningar ........ 37
Jafnlaunavottun ........ 38

## ÁBYRG STARFSEMI 41

Ábyrg starfsemi ........ 42
Skilríkjaeftirlit ........ 43
Grænt bókhald ........ 44
Umbúðir ........ 44
Orkunotkun ........ 47
Líffræðileg fjölbreytni ........ 49
Loftslagsmál og loftslagsbókhald ........ 50
Losunarsvið 1 – Bein losun ........ 52
Losunarsvið 2 – Óbein losun ........ 54
Losunarsvið 3 – Óbein losun ........ 54
Kolefnishlutleysi ........ 61
Umhverfislög og reglur ........ 61
Rekstur ........ 62
Hagnaður og sölutölur ........ 62
Sala tóbaks ........ 62
Tóbak ........ 63
Framkvæmdir ........ 63
Vörumeðhöndlun og dreifing ........ 63

## ÁRSREIKNINGUR 2024 65

Skýrsla og áritun forstjóra ... 66
Áritun Ríkisendurskoðunar ... 67
Til fjármála og efnahagsráðherra ... 67

Rekstrarreikningur árið 2024 ... 69
Efnahagsreikningur 31. desember 2024 ... 70
Sjóðstreymi árið 2024 ... 71
Skýringar ... 72
Grundvöllur reikningsskila ... 72
Starfsmannamál ... 73
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ... 74
Rekstrarfjármunir ... 74
Eignarhlutar í félögum ... 75
Birgðir ... 75
Viðskiptakröfur ... 75
Eigið fé ... 75
Önnur mál ... 75
Kennitölur ... 76

## SUNDURLIÐANIR 79

Hluti ríkissjóðs ... 80
Hlutfallsleg skipting ... 80
Söluþróun ... 81
Heildarsala ... 81
Sala áfengis eftir Vínbúðum ... 82
Sala tóbaks ... 84
Sala áfengis eftir tegundum ... 85
Rauðvín og hvítvín ... 86
Áfengissala ... 86
Neysluverðsvísitala ... 88
Vörutegundir ... 88
Rauðvín og hvítvín (lönd) ... 88
Rauðvín og hvítvín söluþróun ... 89
Heildarsala áfengis ... 90
Skipting sölu tóbaks ... 90
Verðlagning ... 91
Tíu söluhæstu ... 92

## HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA 97

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna ... 98

## SJÁLFBÆRNISKÝRSLA GRI 101

Sjálfbærniskýrsla GRI ... 102
Efnisyfirlit yfir GRI ... 102
Efnahagur ... 104
Umhverfi ... 104
Samfélag ... 105

Staðfesting óháðs endurskoðanda ... 106
Til stjórnenda og hagsmunaaðila ÁTVR ... 106
Ábyrgð stjórnenda ... 106
Óhæði og gæðaeftirlit ... 106
Ábyrgð óháðs endurskoðenda ... 106
Álit ... 107


VÍNBÚÐIN



# INNGANGUR

Frá forstjóra ........ 9
Heildarstefna ........ 12
Skipulag og stjórnun ........ 14
Framkvæmdaráð ........ 15
Árs- og samfélagsskýrsla ........ 16
Stefnuáherslur ........ 17
Mikilvægisgreining ........ 17
Sjálfbærnistjórnun ........ 19
Markmið og mælikvarðar ........ 19
Sjálfbærnistjórnun ........ 19



ívar J. Arndal forstjóri forstjóri ÁTVR

Sjálfbær þróun er óaðskiljanlegur hluti af stefnu ÁTVR. ÁTVR leggur áherslu á að lágmarka umhverfisáhrif, standa vörð um mannréttindi og stuðla að efnahagslegri sjálfbærni, með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og efla sjálfbærni í virðiskeðjunni. Mikil samvinna er á milli norrænu áfengiseinkasalanna á þessum sviðum.

# FRÁ FORSTJÓRA

Á síðustu árum hefur afkoma ÁTVR versnað vegna erfiðs rekstrarumhverfis. Ólögleg áfengissala einkaaðila vegur þar þungt. Vegna minnkandi sölu og til þess að skila viðunandi arðsemi þurfti ÁTVR að draga saman í rekstrinum og fara í ýmsar hagræðingaraðgerðir. Aðgerðirnar tókust vel og var afkoma ársins betri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Samdráttur í sölu áfengis og tóbaks hjá ÁTVR heldur áfram. Áfengi var selt fyrir 38 milljarða króna og minnkaði salan um 4,2% frá fyrra ári. Sala tóbaks nam 9,8 milljörðum króna og minnkaði sígarettusalan um 5,2%. Sala neftóbaks heldur einnig áfram að dragast saman og einungis seldust 9 tonn á síðasta ári. Verður að fara allt aftur til ársins 1979 til þess að finna sambærilega sölu, en hæst fór salan í rúm 46 tonn árið 2019.

Engin niðurstaða er komin hjá lögreglunni varðandi netverslun einkaaðila með áfengi, en vonandi verður þess ekki langt að bíða að lögreglan ljúki málinu. Því er ekki að leyna að netsalan er farin að hafa veruleg áhrif á rekstur og afkomu ÁTVR. Með þeirri stöðu sem er uppi í dag er ÁTVR í raun komin í samkeppnisumhverfi sem stríðir beint gegn forsendum einkaleyfisins sem ÁTVR hefur. Þetta getur ekki gengið til lengdar og því mikilvægt að fá niðurstöðu sem fyrst. Ljóst er að verði áfengissala einkaaðila ekki stöðvuð er útilokað fyrir ÁTVR að halda uppi sama þjónustustigi og áður.

Á árinu féll dómur í Hæstarétti varðandi vöruval hjá ÁTVR. Dómurinn þýðir að ekki má nota framlegð sem mælikvarða á eftirspurn vöru hjá ÁTVR. Málið var tekið fyrir á öllum dómstigum og sýndist sitt hverjum. Málið tapaðist í héraðsdómi en Landsréttur sneri þeirri niðurstöðu við. Hæstiréttur var svo sammála héraðsdómi og sneri niðurstöðu Landsréttar við. Framlegðarmælikvarðinn var skilgreindur í reglugerð sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur og notast hefur verið við þann mælikvarða í áratugi. Ráðuneytið hefur nú gefið út uppfærða reglugerð þar sem ekki er lengur stuðst við framlegðarmælikvarðann við mat á söluárangri heldur notast við selt magn. Jafnframt er ÁTVR að vinna að nýrri vöruvalsreglugerð, í samvinnu við ráðuneytið, í þeim tilgangi að lækka kostnað og hagræða sem mest í vöruvalsferlinu.

Vinna við að innleiða breytingar á tóbaksvarnarlögum sem Alþingi samþykkti á síðasta ári hófst á árinu. Breytingarnar snúa einkum að innleiðingu á evrópskri löggjöf og fela í sér umfangsmiklar breytingar í viðskiptum með tóbaksvörur.

ÁTVR var falið stjórnvaldshlutverk í lögunum og hefur nú eftirlit með framkvæmd nýju laganna auk þess að hafa umsjón með innleiðingu þeirra á Íslandi í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið. Heimildir ÁTVR vegna eftirlits með tóbaksvöru eru umtalsverðar.

Í lögunum er gerð krafa til allra aðila í vöruflæði tóbaksvara um nákvæmar skráningar þannig að unnt sé að rekja ferli vöru frá framleiðanda til smásala. Allar tóbaksvörur þarf að merkja með einkvæmu auðkenni sem fylgir vörunni frá framleiðslu, innflutningi, heildsölu, geymslu og flutningi til smásala. Vörurnar eru skráðar í öllum þrepum vörukeðjunnar svo hægt sé að skoða staðsetningu, tíma, tegund og magn allt frá upphafi til enda. Upplýsingarnar eru sendar í miðlæga evrópska gagnagrunna. ÁTVR hefur gert samning við fyrirtækið All Soft Corp s.r.o. um útgáfu einkvæmra auðkenna og rekstur rekjanleikakerfis tóbaksvöru fyrir Ísland. Fyrirtækið er viðurkennt sem slíkt af ESB og hefur annast sambærilega þjónustu fyrir Svíþjóð, Finnland, Írland og Eistland. Allir smásalar tóbaksvöru, flutningsaðilar, innflytjendur

og aðrir rekstraraðilar þurfa að vera skráðir í kerfið fyrir 1. maí 2026. Framundan eru því talsverðar breytingar fyrir þá aðila sem koma að innflutningi og dreifingu tóbaks.

Síðla árs kom út skýrsla frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, WHO, um norrænar áfengiseinkasölur og hlutverk þeirra. Niðurstaða skýrslunnar er í stuttu máli sú að norræna módelið um smásölu áfengis dregur úr sölu áfengis og minnkar þar með skaðsemi og samfélagslegt tjón sem misnotkun áfengis veldur í samfélaginu og styður þannig við markmið stjórnvalda um bætta lýðheilsu og almannaheill. Ég hvet alla sem áhuga hafa á áfengismálum til þess að kynna sér efni skýrslunnar, en hún er aðgengileg á heimasíðu ÁTVR.

**Niðurstaða skýrslunnar er í stuttu máli sú að norræna módelið um smásölu áfengis dregur úr sölu áfengis og minnkar þar með skaðsemi og samfélagslegt tjón sem misnotkun áfengis veldur í samfélaginu og styður þannig við markmið stjórnvalda um bætta lýðheilsu og almannaheill.**

Rekstur allra norrænu áfengiseinkasalanna uppfyllir lög og reglur Evrópusambandsins, þrátt fyrir áherslur ESB um frelsi í viðskiptum. Eina skilyrði ESB fyrir starfsemi norrænu einkasalanna er að þær séu reknar undir merkjum lýðheilsu og bættum hag almennings. Bæði ESB og WHO staðfesta að norræna fyrirkomulagið dregur úr neyslu áfengis og þar með skaðseminni sem misnotkun áfengis veldur einstaklingum og samfélagi.

Í samræmi við áherslur nýrrar ríkisstjórnar verður haldið áfram að hagræða í rekstri ÁTVR næstu árin. Ríkisstjórnin hyggst beita sér fyrir einfaldari stjórnsýslu og aukinni hagkvæmni og er rekstur ÁTVR þar ekki undanskilinn. Meðal annars var leitað til almennings og forstöðumanna ríkisstofnana um tillögur um hvernig mætti ná þessum markmiðum. Undirritaður sendi inn tillögu sem fólst í að einfalda lagaumgjörðina sem stýrir rekstri og starfsemi ÁTVR, en núverandi löggjöf er óþarflega flókin og óhagkvæm. Lög um ÁTVR eru í höndum þriggja ráðuneyta. Tóbakið er í höndum heilbrigðisráðuneytisins, áfengislögin í höndum dómsmálaráðuneytisins og lögin um verslun ríkisins með áfengi og tóbak í höndum fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Öll ráðuneytin setja reglugerðir sem ÁTVR er skylt að fylgja. Tillagan fólst í að sameina lögin um verslun ríkisins með áfengi og tóbak og áfengislögin og kalla sameinuð lög „áfengisvarnarlög" til samræmis við tóbaksvarnarlögin.

**Það er starfsfólkinu að þakka að ÁTVR er margverðlaunað fyrirtæki og í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins.**

Einnig að flytja yfirstjórnina á áfengismálunum ásamt rekstri ÁTVR til heilbrigðisráðuneytisins. Þar með bæri heilbrigðisráðuneytið ábyrgð á báðum málaflokkum og hefði þannig heildaryfirsýn yfir bæði áfengis- og tóbaksmálin. Þegar hafa verið tekin skref til einföldunar á regluverkinu og nú eru áfengislögin komin til fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Ég færi öllu starfsfólki ÁTVR mínar bestu þakkir fyrir framúrskarandi árangur á liðnum árum. Það er starfsfólkinu að þakka að ÁTVR er margverðlaunað fyrirtæki og í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins. Einnig vil ég þakka starfsfólki ÁTVR samstarfið á liðnum árum og áratugum.



Ívar J. Arndal

# HEILDARSTEFNA

*Stefnan gildir frá 1. janúar 2024*

Í heildarstefnu er lögð áhersla á þá sérstöðu sem ÁTVR er falið, það er að selja áfengi og tóbak á ábyrgan hátt og veita einstaka þjónustu. Heildarstefnan byggir á þremur meginþáttum, frábærri upplifun, jákvæðri menningu og ábyrgri starfsemi.

ÁTVR hefur sett sér stuðningsstefnur í samræmi við heildarstefnu. Hægt er að kynna sér stefnur ÁTVR á www.vinbudin.is.





Við höfum sérstöðu því okkur er falið að selja áfengi og tóbak á ábyrgan hátt og veita einstaka þjónustu

## FRÁBÆR UPPLIFUN

Við veitum einstaka þjónustu með snjöllum lausnum og jákvæðu viðmóti. Fagleg ráðgjöf byggir á þekkingu og hlutleysi. Fjölbreytt vöruúrval með áherslu á gæði og sjálfbærni mætir væntingum viðskiptavina.

## JÁKVÆÐ MENNING

Við sköpum heilbrigða og jákvæða vinnustaðamenningu og sýnum samstarfsfólki umhyggju. Vinnustaðurinn er heilsueflandi og markviss starfsþróun stuðlar að vellíðan og framúrskarandi þjónustu.

## ÁBYRG STARFSEMI

Við erum fyrirmynd í samfélagsábyrgð og afgreiðum ekki fólk undir 20 ára aldri. Starfsemin byggir á faglegum og öguðum vinnubrögðum.

# SKIPULAG OG STJÓRNUN

ÁTVR starfar eftir lögum nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak. Lögin gilda um smásölu á áfengi og heildsölu á tóbaki. Markmið laganna er þríþætt: Að skilgreina umgjörð um smásölu áfengis og heildsölu tóbaks sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð. Að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og tóbaki og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu. Að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð á óæskilegum vörum.

Fjármála- og efnahagsráðherra skipar forstjóra sem fer með stjórn stofnunarinnar, ber ábyrgð á daglegum rekstri og ræður starfsfólk.




*Skipuritið gildir frá 22. nóvember 2024.*

Forstjóri og framkvæmdastjórar funda að jafnaði vikulega. Reglulegir starfsmannafundir starfsstöðva og fundir með stjórnendum Vínbúða eru hluti af skipulagi til að tryggja gott upplýsingaflæði.

Samskiptaforritið Workplace gegnir mikilvægu hlutverki í samskiptum á milli starfsfólks og starfsstöðva þar sem auðvelt er að miðla upplýsingum og fræðslu.

# FRAMKVÆMDARÁÐ



ívar J. Arndal forstjóri forstjóri ÁTVR



Sigrún Ósk Sigurðardóttir aðstoðarforstjóri ÁTVR



Ásdís Eyrún Sigurgeirsdóttir framkvæmdastjóri



Kristján M. Ólafsson framkvæmdastjóri



Haraldur Á. Hjaltason framkvæmdastjóri



Sveinn Víkingur Árnason framkvæmdastjóri

# ÁRS- OG SAMFÉLAGSSKÝRSLA

Ísland er skilgreint sem nærsamfélag, þar er öll starfsemi, allir stjórnendur eru íslenskir og búsettir á landinu. Árs- og samfélagsskýrslan gildir fyrir árið 2024 og nær yfir alla starfsemina. Skýrslan er gefin út á rafrænu formi og birt á www.vinbudin.is.

Til að leggja áherslu á réttmæta og gagnsæja upplýsingagjöf hefur samfélagsskýrslan verið rýnd og staðfest af alþjóðlega endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte, samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISEA 3000 (revised) með takmarkaðri vissu (e. limited assurance). Í GRI-skýrslu má sjá skjöl frá Deloitte þessu til staðfestingar.

Við gerð skýrslunnar er fylgt Global Reporting Initiative (GRI) Standards. Tilgangurinn er að skrá og miðla með gagnsæjum hætti upplýsingum sem tengdar eru samfélagslegri ábyrgð. Gerð er grein fyrir mælikvörðum í texta skýrslunnar þar sem það á við. Í skýrslunni er gerð grein fyrir xx mælikvörðum. Heildaryfirlit og mælikvarða má nálgast í sjálfbærnihluta skýrslunnar.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun tóku gildi 2016. Þau eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkyns, jarðar og hagsældar. Alls eru markmiðin 17 talsins og þeim fylgja 169 undirmarkmið. ÁTVR hefur unnið með sex áherslumarkmið: heilsu og vellíðan, jafnrétti kynjanna, góða atvinnu og hagvöxt, ábyrga neyslu og framleiðslu, aðgerðir í loftlagsmálum og líf á landi. Í skýrslunni er gerð grein fyrir einstökum áherslum.

Amfori eru samtök sem hafa það að markmiði að tryggja að öll viðskipti skapi félagslegan, umhverfislegan og fjárhagslegan ávinning. Áfengiseinkasölur á Norðurlöndunum, þar með talið ÁTVR, eru aðilar að amfori. Siðareglur amfori eru lagðar til grundvallar í norræna samstarfinu (NAM – Nordic alcohol monopoly). Með aðild vilja einkasölurnar stuðla að aukinni sjálfbærni í aðfangakeðjunni og tryggja, eins og kostur er, að allar vörur sem boðnar eru til sölu séu framleiddar í samræmi við siðareglur.

Festa – miðstöð um sjálfbærni hefur það markmið að hafa auðgandi áhrif á umhverfi og samfélag. ÁTVR er meðlimur í Festu og tekur þátt í starfsemi félagsins.

**Staðfesting óháðs endurskoðanda.**

Ráðgjafafyrirtækið Deloitte veitir álit á ófjárhagslegri upplýsingagjöf í árs- og sjálfbærniskýrslu. Deloitte kannar með gagnaskoðun, viðtölum og úrtaksprófunum hvort upplýsingar, með vísun í GRI mælikvarða, eru réttir, með takmarkaðri vissu, og gefa út um það áritun í samræmi við staðal ISAE 3000. Skoða staðfestingu frá Deloitte (linkur)

## STEFNUÁHERSLUR

**Stefnuáherslur ÁTVR taka mið af þeirri sérstöðu sem fyrirtækinu er falið, það er að selja áfengi og tóbak á ábyrgan hátt og veita einstaka þjónustu.**

Áherslurnar eru þrjár, frábær upplifun, jákvæð menning og ábyrg starfsemi. Í skýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir þessum þremur stefnuáherslum, en allar miða þær að því að styðja við það einstaka hlutverk sem ÁTVR er falið.



FRÁBÆR UPPLIFUN



JÁKVÆÐ MENNING



ÁBYRG STARFSEMI

## MIKILVÆGISGREINING

Árið 2024 hélt áfram markviss vinna við tvöfalda mikilvægisgreiningu í ljósi nýrra krafna á sviði sjálfbærni. Árið áður hafði verið samtal við hagsmunaaðila til að greina ytri þætti og draga fram þau sjálfbærnimálefni sem hafa mest áhrif á starfsemi fyrirtækisins.

Áhersla ársins var dýpri greining á einstökum þáttum með IRO-aðferðinni – áhrif (Impact), áhætta (Risk) og tækifæri (Opportunity). Með þeirri nálgun er unnt að forgangsraða málefnum með markvissari hætti, út frá því sem raunverulega skiptir máli – bæði fyrir hagsmunaaðila og fyrirtækið sjálft.



| Mikilvægir þættir | GRI tilvísun |
|---|---|
| Lágmarka skaðsemi vegna áfengisneyslu | GRI 414: Skimun birgja 2016 |
| GRI 416: Heilsa og öryggi viðskiptavina 2016 | |
| Loftslagsmál | GRI 301: Efnisnotkun 2016 |
| GRI 302: Orka 2016 | |
| GRI 305: Losun 2016 | |
| GRI 306: Úrgangur 2020 | |
| GRI 307: Hlíting 2016 | |
| Ábyrgir stafshættir | GRI 201: Fjárhagsleg frammistaða 2016 |
| GRI 205: Spilling 2016 | |
| GRI 307: Hlíting 2016 | |
| Stuðla að mannréttindum í virðiskeðjunni | GRI 407: Félagafrelsi og kjarasamningar 2016 |
| GRI 408: Barnaþrælkun 2016 | |
| GRI 409: Nauðungar- og skylduvinna 2016 | |
| Líffræðiegur fjölbreytileiki | GRI 304: Líffræðilegur fjölbreytileiki 2016 |
| GRI 417: Markaðssetning og merkingar 2016 | |
| Mannauður | GRI 401: Vinnuafl 2016 |
| GRI 402: Kjaramál 2016 | |
| GRI 403: Vinnuvernd 2018 | |
| GRI 404: Þjálfun og menntun 2016 | |
| GRI 405: Fjölbreytieiki og jöfn tækifæri 2016 | |

# SJÁLFBÆRNISTJÓRNUN

## MARKMIÐ OG MÆLIKVARÐAR

Stöðugt er unnið að því að þróa upplýsingar og gögn til að auðvelda stjórnendum ákvarðanatöku, auka samvinnu og yfirsýn. Mælanleg markmið eru sett fyrir flesta þætti í rekstri. Vínbúðum eru sett markmið sem birtast í skorkorti sem er öllum stjórnendum aðgengilegt, auk fjölmargra annarra gagnlegra upplýsinga sem snúa að rekstrinum.

## SJÁLFBÆRNISTJÓRNUN

Í töflunni má sjá helstu markmið og mælikvarða flokkuð eftir stefnuáherslum með tilvísun í GRI mælikvarða og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Einnig er í töflunni tilvísun í siðareglur alþjóðasamtakanna amfori.

| | Sjálfbærnisvið | | 2024 Niðurstaða | 2024 Markmið | 2025 Markmið | GRI Standards | Heimsmarkmið | amfori (BSCI) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ábyrg starfsemi | Skilríkjaeftirlit | Hulduheimsóknir | 94 | 93 | 94 | 413-1 | #3 | #7 |
| | Endurvinnsluhlutfall % | | 89 | 90 | 90 | 306-2 | #12 #13 | #12 |
| | Losun frá umbúðum – hlutfall af seldum lítrum | $gCO_2$/milljón lítra | 494 | 427 | 450 | 305-3 | #12 #13 | #12 |
| | Sjálfbært val (lífrænt, lífeflt, sjálfbært og sanngjarnt) | Hlutfall af vörunúmerum % | 14 | 15 | 14 | 304-2 | #14 #15 | #12 |
| | Óútskýrð rýrnun sem hlutfall af sölu % | | 0,03 | 0,04 | 0,04 | 205-1 | #8 | |
| | Arðsemi eigin fjár í % | | 7,5 | 5 | 8 | 201-1 | #8 | |
| Jákvæð upplifun | Ánægja viðskiptavina | Íslenska ánægjuvogin | 70 | 69 | 70 | 2-29 | #4 | |
| | Ímynd | Íslenska ánægjuvogin | 67 | 67 | 67 | 2-29, 416-1 | #17 | |
| | Viðmót starfsfólks | Gallup – þjónustukönnun | 4,6 | 4,6 | 4,6 | 2-29 | #9 | |
| | Þekking starfsfólks | Gallup – þjónustukönnun | 4,1 | 4,1 | 4,1 | 2-29 | #4 | #4 |
| | Ánægja með vöruval | Gallup – þjónustukönnun | 3,9 | - | 4,0 | | | |
| | Heildaránægja birgja | Birgjakönnun | Ekki mælt | 3,5 | 3,5 | | | |
| Jákvæð menning | Starfsánægja | Gallup vinnustaðagreining | 4,19 | 4,33 | 4,25 | 2-7, 407-1 | #5 #10 | #11 |
| | Helgun starfsfólks | Gallup vinnustaðagreining | 4.27 | 4,23 | 4,27 | 2-7 | #5 #10 | #6 |
| | Stofnun ársins – heildareinkunn | Stofnun ársins | 4,25 | 4,37 | 4,30 | 2-7 | #5 #10 | #6 |
| | Jafnrétti | Stofnun ársins | 4,57 | 4,67 | - | 2-7 | #5 #10 | #6 |
| | Stjórnun | Stofnun ársins | 4,30 | 4,45 | 4,35 | | | |
| | Ánægja með vinnustaðamenningu | Stofnun ársins | 4,27 | - | 4,30 | | | |
| | Skammtímafjarvera vegna veikinda og veikinda barna sem hlutfall af unnum klst. % | | 3,5 | 3,2 | 3,5 | 403-2 | #3 #11 | #7 |


VÍNBÚÐIN



# FRÁBÆR UPPLIFUN

Frábær upplifun ............................................. 22
Ánægja viðskiptavina ........................................................ 23

Vefurinn og samfélagsmiðlar.......................... 24
Fjöldi viðskiptavina......................................... 25
Ábyrgt vöruval ............................................... 27
Norrænt samstarf á sviði samfélagsábyrgðar ............ 27
Ábyrgt vöruval................................................................ 27
Sérstakar áherslur í vöruvali........................................ 29
Gæðaeftirlit vöru ........................................................... 29
Samskipti við birgja ....................................................... 29

Vínbúðir ársins ............................................... 30

## FRÁBÆR UPPLIFUN

# Við veitum einstaka þjónustu með snjöllum lausnum og jákvæðu viðmóti. Fagleg ráðgjöf byggir á þekkingu og hlutleysi. Fjölbreytt vöruúrval með áherslu á gæði og sjálfbærni mætir væntingum viðskiptavina.

## ÁNÆGJA VIÐSKIPTAVINA

Til að mæla ánægju viðskiptavina er Vínbúðin þátttakandi í Íslensku ánægjuvoginni. Þar fæst mikilvægur samanburður við fyrirtæki á almennum markaði. Það var ánægjulegt að einkunn Vínbúðarinnar hækkaði á milli ára úr 67,9 í 69,7.

Önnur ekki síður mikilvæg mæling er þjónustukönnun Gallup sem framkvæmd er fyrir hverja Vínbúð. Tilgangurinn er að fá fram skoðun viðskiptavina á þjónustu, viðmóti, þekkingu og vöruvali.

Mikilvægustu mælikvarðarnir eru ánægja með þjónustu og viðmót starfsfólks. Niðurstöðurnar eru almennt góðar og sem dæmi eru 87% viðskiptavina ánægðir með þjónustuna og 94% telja viðmót starfsfólks gott. Niðurstöður allra kannana eru rýndar með það að markmiði að halda því sem vel er gert og leita leiða til að gera betur.

**Á heildina litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu Vínbúðarinnar?**




Þjónustukönnun Gallup meðal viðskiptavina Vínbúðanna ágúst – október 2024. Mælt á kvarðanum 1-5.

**Hversu gott eða slæmt finnst þér viðmót starfsfólks Vínbúðanna almennt vera?**




Þjónustukönnun Gallup meðal viðskiptavina Vínbúðanna ágúst – október 2024. Mælt á kvarðanum 1-5.

# VEFURINN OG SAMFÉLAGSMIÐLAR

Á www.vinbudin.is má finna mikið af praktískum upplýsingum, svo sem opnunartíma og staðsetningu Vínbúða. Greinagóðar vörulýsingar eru á öllum vörum og auk þess má á einfaldan hátt sjá vöruval hverrar Vínbúðar og birgðastöðu eftir Vínbúð. Birgðastaðan uppfærist reglulega og á vöruspjaldi sést hvenær birgðastaðan var uppfærð. Á síðunni eru einnig greinagóðar upplýsingar um starfsemina, meðal annars lög og reglur sem um hana gilda. Einnig er hægt að finna Vínbúðina á Instagram (vinbudin.is) og Facebook (Vínbúðin).

Veislureiknivélin er öflugt tæki til að aðstoða viðskiptavini við að áætla rétt magn af víni fyrir veislur. Vínráðgjöf og matur skipar stóran sess við að hjálpa viðskiptavinum að tengja saman vín og mat. Á síðunni er öflugur uppskriftavefur þar sem hægt er að fá tillögur að vínum sem henta með hverjum rétti.

Á mínum síðum er hægt að gera vefpantanir og sjá stöðu þeirra. Vöruval í Vefbúð hefur aukist jafnt og þétt. Auk vara í vöruvali Vínbúðanna er hægt að velja úr rúmlega 700 tegundum af vörum í sérpöntun. Í heildina geta viðskiptavinir valið úr rúmlega 4200 tegundum í Vefbúð og fengið afhent sér að kostnaðarlausu í Vínbúð að eigin vali, í vöruhúsi á Stuðlahálsi eða á skilgreindum afhendingarstöðum. Á mínum síðum er hægt að setja vörur á topplista, gefa einkunn og skrifa minnisatriði.

ÁTVR rekur sjö afhendingarstaði fyrir vefpantanir á landsbyggðinni; á Bíldudal, Borgarfirði eystri, Grenivík, Grímsey, Hrísey, Raufarhöfn og Þingeyri. Afhendingarstaðirnir eiga það allir sameiginlegt að þar er langt að sækja þjónustu í næstu Vínbúð.




vinbudin.is
**2.225**
þúsund heimsóknir á árinu

# FJÖLDI VIÐSKIPTAVINA

Alls fengu tæplega 5,1 milljónir viðskiptavina þjónustu hjá Vínbúðunum. Viðskiptavinum fækkaði um 3,5% á milli ára, á sama tíma og sala áfengis í lítrum talið minnkaði um 4,2%. Flestir viðskiptavinir koma í lok vikunnar, á föstudögum og laugardögum, eða um 49% af heildarfjölda viðskiptavina.

**Hlutfall viðskiptavina eftir dögum**




Á www.vinbudin.is er birt yfirlit yfir annatíma sem endurspeglar fjölda viðskiptavina eftir dögum og eftir álagstímum innan dagsins. Yfirlitið er gagnlegt fyrir viðskiptavini, til dæmis þá sem óska eftir meiri þjónustu í rólegu umhverfi.

**Annatími**




Flestir viðskiptavinir heimsóttu Vínbúðirnar 23. desember, en þann dag komu rúmlega 42 þúsund viðskiptavinir í Vínbúðirnar. Að jafnaði eru aðrir söluháir dagar 30. desember, föstudagurinn fyrir verslunarmannahelgi og miðvikudagurinn fyrir páska. Fjöldi viðskiptavina þessa annasömu daga var á bilinu 35 til 41 þúsund. Til samanburðar er meðalfjöldi viðskiptavina á hefðbundnum föstudegi um 28 þúsund.

**Fjöldi viðskiptavina flokkað eftir stærstu dögum ársins ásamt meðalfjölda á föstudegi til samanburðar.**

**5.065.509**
viðskiptavinir




Vínbúðirnar hvetja viðskiptavini til að hugsa um umhverfið og hafa fjölnota burðarpoka meðferðis frekar en kaupa nýja. Sala fjölnota burðarpoka var um 9% minni á milli ára, en alls seldust um 230 þúsund pokar á árinu.

| | 2024 | 2023 | % breyting |
|---|---|---|---|
| Seldir lítrar | 22.699.350 | 23.687.898 | -4,2% |
| Fjöldi viðskiptavina | 5.065.509 | 5.248.162 | -3,5% |
| Fjölnota burðarpokar | 229.453 | 252.345 | -9,1% |
| Hlutfall viðskiptavina sem kaupa fjölnota poka | 4,5% | 4,8% | -5,8% |

**4,5%**
viðskiptavina kaupa fjölnota burðarpoka

**229.456**
fjölnota pokar seldir

# ÁBYRGT VÖRUVAL

## NORRÆNT SAMSTARF Á SVIÐI SAMFÉLAGSÁBYRGÐAR

Árið 2009 hófu norrænu áfengiseinkasölurnar Alko í Finnlandi, Systembolaget í Svíþjóð, Vinmonopolet í Noregi, Rúsdrekkasøla Landsins í Færeyjum og ÁTVR samstarf á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækin hafa sett sér sameiginleg markmið um mannréttindi í aðfangakeðjunni og umhverfismál. Á árinu bættist kanadíska einkasalan SAQ í umhverfishluta norræna samstarfsins.Allar einkasölurnar eru meðlimir í alþjóðasamtökunum amfori, en markmið þeirra er að tryggja aukna samfélagsábyrgð í aðfangakeðjunni í samræmi við siðareglur samtakanna, en þær hafa verið til viðmiðunar í samstarfi fyrirtækjanna.

Markmiðið er að vera leiðandi á sviði ábyrgðar og sjálfbærrar þróunar við framleiðslu áfengis og minnka umhverfisáhrif, bæði í aðfangakeðjunni og starfsemi fyrirtækjanna. Samstarfið hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og aukin áhersla verið lögð á siðferðilegar grundvallarreglur í aðfangakeðjunni, auk umhverfis- og loftslagsmála. Í samvinnu við hagsmunaaðila er áhersla á að bera kennsl á og bregðast sameiginlega við mikilvægum áhættum sem eru til staðar í aðfangakeðjunni. Mögulegar mikilvægar áhættur eru meðal annars vinnuvernd, félagafrelsi og réttur til kjarasamninga, mismunun, nauðungarvinna og mansal, mannsæmandi laun og vinnutími.

Allar einkasölurnar eru meðlimir í alþjóðasamtökunum amfori, en markmið þeirra er að tryggja aukna samfélagsábyrgð í aðfangakeðjunni í samræmi við siðareglur samtakanna, en þær hafa verið til viðmiðunar í samstarfi fyrirtækjanna.

## ÁBYRGT VÖRUVAL

Vöruval Vínbúðanna byggir á reglugerð um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi (nr.1106/2015) með síðari breytingum. Eftirspurn viðskiptavina ræður í grunninn mestu um vöruval Vínbúðanna. Vöruvalið skiptist í þrjá megin söluflokka: kjarna, reynslu og sérflokk. Auk þeirra eru smærri tímabundnir flokkar sem tengjast almennt tímabilum eða árstíðum. Kjarni er megin söluflokkurinn og myndar grunn að vöruvali hverrar Vínbúðar sem er endurmetið þrisvar á ári.

Reynsluflokkur er ætlaður nýjum vörum og fær dreifingu í fjórar Vínbúðir við upphaf sölu. Ef reynsluvara nær tilteknu söluviðmiði færist hún í kjarna og fær um leið dreifingu í fleiri Vínbúðir.

Sérflokki er ætlað að bjóða vöruúrval sem byggir á fjölbreytni og gæðum til að mæta væntingum viðskiptavina.

**4.211**
vörur með söluhreyfingu á árinu

**1.152**
nýjar vörur í reynslusölu á árinu

**Kjarni** er megin söluflokkurinn og myndar grunn að vöruvali hverrar Vínbúðar. Vöruval í kjarna er endurmetið þrisvar á ári.

**Reynsluflokkur** er ætlaður nýjum vörum og fær dreifingu í fjórar Vínbúðir við upphaf sölu. Ef reynsluvara nær tilteknu söluviðmiði færist hún í kjarna og fær um leið dreifingu í fleiri Vínbúðir.

**73%** viðskiptavina ánægðir með vöruvalið

**Sérflokki** er ætlað að bjóða vöruúrval sem byggir á fjölbreytni og gæðum til að mæta væntingum viðskiptavina.

Vörur frá **56** löndum

Vínbúðum er skipt í stærðarflokkana K1 til K9 eftir fjölda vörutegunda í vöruvali. Í minnsta flokknum, K1, eru að lágmarki 100 vörur í grunnvöruvali en í þeim stærsta, K9, eru að lágmarki 1.500 vörur. Vöruval minnstu Vínbúðanna er þó nær því að vera 200 vörur í heildina. Í Vínbúðinni Heiðrúnu er hægt að nálgast allar vörur í vöruvali, sem eru rúmlega 3300. Í Heiðrúnu hefur verið komið fyrir sérstöku hitastýrðu svæði fyrir léttvín í hærri gæðaflokkum.

**Markaðshlutdeild Vínbúðaflokka í heildarsölu Vínbúða**




**Vínbúðir flokkaðar eftir stærð**



Þegar litið er á hlutdeild Vínbúða í heildarsölu þá hafa K1 - K5 Vínbúðir, vefbúð og veisluvín um 23% hlutdeild af heildarsölu Vínbúða. Ef hins vegar er horft til fjölda Vínbúða þá eru 35 af 50 Vínbúð í K1 – K5, eða 70%.

## SÉRSTAKAR ÁHERSLUR Í VÖRUVALI

ÁTVR hefur sett sér markmið þar sem leitast er við að bjóða vörur sem framleiddar eru í sátt við samfélag og umhverfi og að fræða viðskiptavini um slíkar vörur. Í Vínbúðunum og á vef eru vörur merktar með yfirheitinu sjálfbært val. Þetta eru vörur sem hlotið hafa viðurkennda vottun um að framleiðsla þeirra sé lífræn, sjálfbær (sustainable), bíódínamísk eða sanngjörn. Tekið er mið af sérfræðivinnu norrænu einkasalanna þegar ákvarðað er hvort vottun sé almennt viðurkennd og fái þar með merkingu sem sjálfbært val.

## GÆÐAEFTIRLIT VÖRU

Allar vörur fara í gegnum skoðun og gæðaeftirlit áður en þær eru samþykktar í sölu. Það er gert til að tryggja að þær uppfylli formskilyrði laga og reglna. Vörugæði og neysluöryggi eru meginstoðir í ábyrgri starfsemi ÁTVR. Fjöldi skilaðra eininga á árinu voru 2.337, sem er 14% samdráttur á milli ára. Flest vöruskil má rekja til korkskemmda. Af hverjum 100 þúsund seldum einingum var um fimm skilað. Fjöldi innkallana á árinu var 13. Helstu orsakir voru frávik í gæðum.

## SAMSKIPTI VIÐ BIRGJA

Þeir aðilar sem hafa leyfi til innflutnings áfengis geta sótt um að koma vöru í sölu í Vínbúðir. Áður en viðskipti geta hafist þurfa birgjar að gera stofnsamning við ÁTVR. Samningurinn tekur til allra vörukaupa frá birgjum og veitir jafnframt aðgang að þjónustuvef sem eingöngu er ætlaður birgjum. Samningurinn kveður einnig á um réttarstöðu aðila á grundvelli reglugerðar um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi (Nr. 1106/2015).

Á þjónustuvef hafa birgjar yfirsýn yfir stöðu umsókna, geta nálgast söluskýrslur og allar nauðsynlegar upplýsingar og almennar fréttir sem snúa að samskiptum við birgja. Í byrjun desember féll dómur í Hæstarétti þar sem fellt var úr gildi ákvæði reglugerðar um að mæla eftirspurn vöru eftir framlegð. Fjármálaráðuneytið mun í kjölfarið breyta reglugerð nr. 1105/2015 í samræmi við niðurstöðu dómsins. GRI 205-1

# VÍNBÚÐIR ÁRSINS

Öllum Vínbúðum er sett mælanleg markmið um meðal annars skilríkjaeftirlit, ánægju með þjónustu, viðmót starfsfólks, rýrnun og gæðaeftirlit.

Vínbúðunum er skipt í þrjá flokka eftir fjölda tegunda í vöruvali: stærri, milli stórar og minni Vínbúðir. Alls eru 16 Vínbúðir í flokki þeirra stærri, 13 í milli stærð og 21 í flokki minnstu Vínbúða. Niðurstöður mælinganna eru birtar mánaðarlega og eru öllum stjórnendum aðgengilegar.

Viðurkenningar eru veittar starfsfólki þeirra Vínbúða sem bestum árangri ná. Að þessu sinni var Vínbúðin Mosfellsbæ valin Vínbúð ársins í flokki stærri Vínbúða, Vínbúðin Akranesi og Vínbúðin Flúðum voru jafnar í flokki milli stórra Vínbúða og Vínbúðin Ólafsvík varð hlutskörpust í flokki minni Vínbúða. Auk þess voru veitt hvatningarverðlaun í ár þar sem Vínbúðin Eiðistorgi fékk viðurkenningu fyrir 100% árangur í skilríkjaeftirliti samfellt í tvö ár.







Vínbúð ársins í flokki
stærri Vínbúða 2024
MOSFELLSBÆR


flokki
ða 2024
ES


Vínbúð ársins í
flokki stórra
Vínbúða 2024
FLÚÐIR





# JÁKVÆÐ MENNING

Jákvæð menning............................................ 34
Starfsánægja.................................................. 35
Góð heilsa...................................................... 35
Greining og tölur ........................................... 35
Slys og fjarvistir vegna veikinda .....................37
Fræðsla og starfsþróun..................................37
Kjarasamningar ...............................................37
Jafnlaunavottun ............................................. 38

# Við sköpum heilbrigða og jákvæða vinnustaðamenningu og sýnum samstarfsfólki umhyggju. Vinnustaðurinn er heilsueflandi og markviss starfsþróun stuðlar að vellíðan og framúrskarandi þjónustu

## STARFSÁNÆGJA

Lögð er áhersla á að skapa jákvæða vinnustaðamenningu, þar sem ríkir góður starfsandi og starfsfólk leggur sig fram um að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Á árinu gerði Gallup tvær vinnustaðagreiningar sem mæla helgun starfsfólks. Gallup mælir helgun með því að meta hversu vel vinnustaðurinn mætir tólf lykilþörfum starfsfólks. Helgað starfsfólk er tilfinningalega tengt vinnustaðnum, það vinnur af ástríðu, er virkt og áhugasamt. Helgun skilar sér í virkari þátttöku á vinnustað, minni fjarveru og aukinni tryggð. Niðurstaða helgunar fyrir fyrirtækið í heild var 4,27 á kvarðanum 1 til 5.

Stofnun ársins er samræmd könnun stofnana í eigu ríkisins. Könnunin mælir starfsánægju auk fjölmargra annarra þátta sem snúa að stjórnun og starfsumhverfi. Könnunin var að þessu sinni framkvæmd á tímabilinu október til desember 2024. Könnunin er unnin af Gallup og er samstarfsverkefni Sameykis, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og fjölmargra stofnana. Í tilviki ÁTVR er öllu fastráðnu starfsfólki boðið að taka þátt, óháð stéttarfélagi. ÁTVR hafnaði í fimmta sæti í flokki stórra stofnana, með 90 starfsmenn eða fleiri, með heildareinkunnina 4,25. Stofnanir í fimm efstu sætunum fá nafnbótina Fyrirmyndarstofnun ársins.

Siðareglur gegna mikilvægu hlutverki við að skerpa á ábyrgð starfsfólks og undirstrika mikilvægi þess að allir hagsmunaaðilar njóti sanngirni og jafnræðis. Við upphaf starfs eru siðareglur kynntar fyrir starfsfólki auk þess sem þær eru aðgengilegar á www.vinbudin.is.

## GÓÐ HEILSA

ÁTVR er umhugað um heilsu og vellíðan starfsfólks. Með markvissum aðgerðum er starfsfólk hvatt til að huga að bæði andlegri og líkamlegri heilsu, t.d. með því að bjóða upp á styrki og fjölbreytta fræðslu. Einn liður er að hvetja starfsfólk til að taka þátt í vinnustaðakeppnunum Lífshlaupinu og Hjólað í vinnuna. Starfsfólki er boðið að gera samgöngusamninga þar sem markmiðið er tvíþætt: að hvetja starfsfólk til aukinnar hreyfingar og minnka umhverfisáhrif. Starfsfólk sem gerir samgöngusamning skuldbindur sig til að ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti meirihluta vikunnar.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um Sjálfbæra þróun, sjálfbærar borgir og samfélög númer 11, Heilsu og vellíðan númer 3, og Aðgerðir í loftslagsmálum númer 13, fléttast inn í samgöngumálin. Það leiðir af sér minna svifryk, minni útblástur, minni gatnaskemmdir, styttri umferðartíma og betri andlega og líkamlega heilsu.

Starfsfólki er boðið upp á heilsufarsmat þar sem mældur er blóðþrýstingur, kólesteról og blóðsykur, auk viðtals þar sem rætt er um almenna líðan, álag og streitu.

## GREINING OG TÖLUR

Í árslok var 481 starfsmaður á launaskrá. Konur eru fleiri í starfsmannahópnum eða 271 á móti 209 körlum og tvö með hlutlaust kyn. Ráðningarformin eru tvö: fastráðning, sem getur bæði verið fullt starf eða hlutastarf, og tímavinna. Tímavinnustarfsfólk vinnur almennt á álagstímum seinni hluta vikunnar, í sumarafleysingum og um jól.

Á árinu voru 94 nýráðningar: 50 konur og 44 karlar. Af þeim voru 58 enn í starfi við árslok. Alls höfðu 36 af nýráðnum hætt störfum á árinu, þar af 22 karlar og 14 konur. Flestar nýráðningar voru í tímavinnu (86 af 94), 8 í fastráðningu. Starfsfólk undir 20 ára aldri er ekki ráðið til starfa.

Á árinu fengu 616 starfsmenn greidd laun. Ársverk voru 315 og fækkaði um 18 ársverk á milli ára.

Starfsmannavelta fyrirtækisins í heild var 27%. Meiri starfsmannavelta er hjá tímavinnufólki en í hópi fastráðinna.

**616** fengu greidd laun árið 2024

**315** ársverk voru unnin árið 2024

Allt starfsfólk ÁTVR

44% 56%

MEÐAL-STARFSALDUR 6 ÁR

MEÐALALDUR 38 ÁR

**Fastráðið starfsfólk**

MEÐAL-STARFSALDUR 10 ÁR

MEÐALALDUR 44 ÁR

**Tímavinnustarfsfólk**

MEÐAL-STARFSALDUR 3 ÁR

MEÐALALDUR 34 ÁR

**Almennt**

MEÐAL-STARFSALDUR 6,5 ÁR

MEÐALALDUR 39,5 ÁR

Alls tóku 15 starfsmenn fæðingarorlof árið 2024; tólf karlar og þrjár konur. Tíu karlmenn hafa snúið aftur til starfa að loknu fæðingarorlofi, einn er enn í orlofi og einn hefur látið af störfum. Ein kona er enn í fæðingarorlofi og tvær eru komnar aftur til starfa.

## SLYS OG FJARVISTIR VEGNA VEIKINDA

Markmiðið er að halda vinnustaðnum öruggum og slysalausum. Það náðist ekki alveg í ár, eitt vinnuslys varð á vinnustað en ekkert til og frá vinnu.

Í viðverukerfi er haldið utan um fjarveru starfsfólks vegna veikinda og veikinda barna. Fjarveru vegna veikinda er skipt í langtíma- og skammtímafjarveru. Langtímafjarvera er fjarvera lengri en tvær vikur samfellt. Skammtímafjarvera vegna veikinda og veikinda barna var alls 3,5% á árinu og hækkaði um 0,1% á milli ára.

## FRÆÐSLA OG STARFSÞRÓUN

Mikil áhersla er lögð á starfþróun til að efla þekkingu sem stuðlar að starfsánægju og framúrskarandi þjónustu. Vöruþekking er þungamiðja fræðslunnar. Samtals voru fræðslustundir 3.674, umreiknað í 12 stundir á stöðugildi. Fræðslukerfið Eloomi gerir það að verkum að starfsfólk getur nálgast alla fræðslu með rafrænum hætti óháð búsetu.

| Fræðsluflokkur | Fjöldi starfsfólks | Konur | Karlar | Námskeiðs-stundir | Meðal-fjöldi tíma á stöðu-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| Vöruþekking | 1.740 | 62% | 38% | 1.886 | 6,0 |
| Önnur fræðsla, góð heilsa og lífsleikni | 981 | 66% | 34% | 981 | 3,1 |
| Önnur fræðsla, þ.m.t. íslensku- og lyftaranámskeið | 775 | 66% | 34% | 807 | 2,6 |
| **Samtals** | **3.496** | **65%** | **35%** | **3.674** | **12** |

Í þjónustukönnunum eru viðskiptavinir spurðir um upplifun sína á þekkingu starfsfólks. Ánægjulegt er að sjá að 84% viðskiptavina telja starfsfólk Vínbúðanna búa yfir mjög eða frekar mikilli þekkingu. Eingöngu 2% telja þekkinguna mjög eða frekar litla.

Að jafnaði er öllu starfsfólki boðið tvö starfsmannasamtöl á árinu. Þar gefst starfsmanni og stjórnanda tækifæri til að ræða meðal annars endurgjöf, verkefni, samskipti og líðan.

## KJARASAMNINGAR

Öll starfsemi ÁTVR er á Íslandi og því er ekki talin hætta á að brotið sé á réttindum starfsfólks varðandi samningsrétt eða þátttöku í stéttarfélögum. Allt starfsfólk er í stéttarfélagi. (GRI 407)

ÁTVR virðir mannréttindi og fylgir lögum og reglum sem gilda um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkisins, gerir kjarasamning við viðkomandi stéttarfélög. Starfsfólk fær greidd laun í samræmi við kjarasamninga, fyrir utan forstjóra en laun hans eru ákvörðuð af fjármála- og efnahagsráðherra. Gerðir hafa verið stofnanasamningar um nánari útfærslur kjarasamnings við annars vegar Sameyki og hins vegar einstök félög háskólamenntaðra starfsmanna.

Ráðningarformin eru tvö: tímabundin ráðning og fastráðning. Uppsagnafrestur starfsfólks er samkvæmt

kjarasamning ólíkur eftir ráðningarformi; einn mánuður hjá tímavinnustarfsfólki en almennt þrír mánuðir fyrir fastráðna.

Starfsfólk sem ráðið var til starfa fyrir gildistöku starfsmannalaganna sem sett voru í júní 1996, getur átt rétt til biðlauna ef starf þeirra verður lagt niður.

## JAFNLAUNAVOTTUN

ÁTVR hefur sett sér jafnlaunastefnu og birt jafnréttisáætlun. Markmið jafnlaunastefnu er að allt starfsfólk hljóti jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, óháð kyni, þjóðerni eða öðrum órökstuddum þáttum. Jafnréttisáætlun er ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna, jafnri stöðu þeirra og virðingu. ÁTVR leggur áherslu á að allir fái notið sín án tillits til kynferðis, kynþáttar, trúarbragða, aldurs eða búsetu. Jafnréttisáætlun ÁTVR byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynja.

JAFNLAUNAVOTTUN | 2024–2027

ÁTVR hlaut fyrst jafnlaunavottun haustið 2018 og hefur endurnýjað vottunina árlega síðan, nú síðast haustið 2024. Í vottun felst jafnframt skuldbinding til að vinna að stöðugum umbótum, hafa eftirlit með viðmiðum og bregðast við ef upp koma frávik.






# ÁBYRG STARFSEMI


Ábyrg starfsemi ........ 42
Skilríkjaeftirlit ........ 43
Grænt bókhald ........ 44
Umbúðir ........ 44
Orkunotkun ........ 47
Líffræðileg fjölbreytni ........ 49
Loftslagsmál og loftslagsbókhald ........ 50
Losunarsvið 1 – Bein losun ........ 52
Losunarsvið 2 – Óbein losun ........ 54
Losunarsvið 3 – Óbein losun ........ 54
Kolefnishlutleysi ........ 61
Umhverfislög og reglur ........ 61
Rekstur ........ 62
Hagnaður og sölutölur ........ 62
Sala tóbaks ........ 62
Tóbak ........ 63
Framkvæmdir ........ 63
Vörumeðhöndlun og dreifing ........ 63

# Við erum fyrirmynd í samfélagsábyrgð og afgreiðum ekki fólk undir 20 ára aldri. Starfsemin byggir á faglegum og öguðum vinnubrögðum.

**Samfélagleg ábyrgð hjá ÁTVR**

**2015** G4
Ársskýrsla 2014 í samræmi við GRI sjálfbærnivísa – G4

**2016**
Þátttaka í Loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar
Ársskýrsla gefin út á rafrænu formi
Jafnlaunavottun
Kuðungurinn

**2017**
Græn skref í ríkisrekstri innleidd í allt fyrirtækið
Könnun á samfélagsábyrgð

**2018**
Jafnlaunavottun ÍST 85:2012
ÁTVR tilnefnt til loftslags-verðlauna Reykjavíkurborgar

**2019**
Áætlað kolefnisspor umbúða birt á vinbudin.is

**2020**
Norræn ráðstefna um vatn og mannréttindi
Sölu plastpoka hætt
Jafnlaunavottun endurnýjuð

**2021**
Sölu einnota burðarpoka hætt
Jafnlaunavottun 2021-2024

**2022**
Vegvísir í loftslagsmálum
Vegvísir í samfélagsmálum
Staðfesting á ófjárhagslegum upplýsingum

**2023**
Vinna við mikilvægisgreiningu
Viðmiðunargreining á stöðlum

**2024**
Viðurkenndar vottanir vörusafns
Endurnýjun jafnlaunavottunar

# SKILRÍKJAEFTIRLIT

Mikilvægur þáttur í ábyrgri starfsemi er að tryggja að viðskiptavinir hafi náð 20 ára aldri. Til að efla starfsfólk í skilríkjaeftirliti eru framkvæmdar hulduheimsóknir. Viðskiptavinir á aldrinum 20 – 23 ára versla í Vínbúðunum og skila niðurstöðum til rannsóknaraðila um hvort viðkomandi hafi þurft að framvísa skilríkjum. Hulduheimsóknir eru framkvæmdar í öllum Vínbúðum á höfuðborgarsvæðinu og á Selfossi, í Reykjanesbæ og á Akureyri. Árangur hulduheimsókna var mjög góður eða 94% en markmiðið er að árangurinn sé ekki undir 93%.



# GRÆNT BÓKHALD

ÁTVR heldur grænt bókhald, er jafnframt þátttakandi og skilar inn tölum í Grænt bókhald hjá Umhverfisstofnun. Vistvæn innkaup eru samstarfsvettvangur opinberra aðila, en markmið verkefnisins er að stuðla að vistvænum innkaupum og þar með grænum ríkisrekstri. Græn skref er leið fyrir opinbera aðila að vinna markvisst að umhverfismálum eftir skýrum gátlistum. Skrefin eru fimm og fæst viðurkenning frá Umhverfisstofnun eftir hvert skref. Allar Vínbúðir, auk höfuðstöðva og dreifingarmiðstöðvar, hafa innleitt skrefin fimm. Í töflunni má sjá þætti sem mældir eru, breytingu á milli ára og markmið sem sett var fyrir árið.

| | 2023 | 2024 | Markmið 2024 | |
|---|---|---|---|---|
| **Prentun** | | | | |
| Skrifstofupappír | 3,4 | 3,9 | | kg/stg. |
| Prentun, umhverfisvottur | 100% | 100% | | hlutfall |
| **Einnota vörur** | | | | |
| Pappamál | 33 | 29 | 30 | kg/stg. |
| **Ræstiefni** | | | | |
| Sólar ehf. | 100% | 100% | 100% | hlutfall |
| Ræstivörur | 93% | 81% | 90% | hlutfall |
| **Umbúðir** | | | | |
| Margnota burðarpokar | 10.653 | 10.109 | * | stk./Mltr |
| Strekkfilma | 436 | 307 | 430 | stk./Mltr |

# UMBÚÐIR

<u>Aðfangakeðjan og endurvinnsla skiptir ÁTVR miklu máli.</u>

ÁTVR er hluthafi og einn af stofnendum Endurvinnslunnar hf. Hlutverk hennar er meðhöndlun allra einnota drykkjarvöruumbúða á Íslandi. Skil á drykkjarvöruumbúðum var 92% af seldum umbúðum. Á árinu voru tæplega 51 milljón einingar seldar í Vínbúðunum.

Niðurstaða lífsferilsgreiningar á vörusafni sem ÁTVR vann ásamt áfengiseinkasölunum á Norðurlöndum, sýndi að mestu umhverfisáhrifin voru af umbúðum. Þar komu glerumbúðir verst út.

<u>Á meðfylgjandi mynd má sjá samanburð á kolefnisspori umbúða g/L af $CO_2$</u>




| VENJULEGT GLER 0.75 l/540 g | LÉTTGLER 0.75 l/420 g | PLAST 0.5 l/25 g | ÁLDÓS* 0.5 l/16 g | POKI 1,5 l | FERNA 1 l | KASSI 3 l |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **675** | **525** | **167** | **153** | **96** | **85** | **70** |

g $CO_2$ e/l

*Hér byggist útreikningurinn á upplýsingum úr annarri gagnaveitu.

Til upplýsinga fyrir viðskiptavini þá eru birtar á vöruspjaldi allra léttvínstegunda á www.vinbudin.is, þyngd umbúðanna og áætlað kolefnisspor þeirra. Þar skiptir þyngd glersins mestu máli. Sameiginleg áhersla norðurlandanna hefur verið á að framleiðendur noti léttgler, það er léttara en 420 g, sérstaklega fyrir vörur sem framleiddar eru í miklu magni. Miðað við selda lítra er 40% af víni í 750 ml. glerflöskum; rauðvín, hvítvín og rósavín, í léttgleri. Heildarlosun frá umbúðum var 11.206 tonn CO2 og minnkaði um 9%. Markmiðið er að minnka kolefnisspor-ið um 50% árið 2030 miðað við viðmiðunarárið 2020.




**Losun frá umbúðum – 11.206 $tCO_2$**




**Heildarlosun umbúða $tCO_2$/Mltr**




Markmiðið er að draga úr losun um 7% árlega miðað við selda lítra. Árangur næst meðal annars með fjölgun söluhárra tegunda í léttgleri og einnig má búast við að á næstu árum verði aukið framboð af víni í öðrum umbúðargerðum sem hafa minni umhverfisáhrif en gler.

Hlutfall losunar á selda milljón lítra lækkaði um 5,3%, fór úr 520 í 494 (tCO2/milljón lítra). Hlutfall bjórs í álumbúðum fór úr 92,5% í 93%. Líkt og í víni má búast við að aðrar umbúðargerðir, svo sem pappi og plast, ryðji sér til rúms fyrir bjór, til að mynda var á árinu seldur fyrsti bjórinn í plastflösku.

**Markmið – losun $CO_2$ g/milljón seldra lítra**



Til að ná markmiði um 50% samdrátt í kolefnislosun umbúða og stefna á Parísarsamkomulagið um 1,5 gráðu hlýnun, þarf að ná 7% árangri á hverju ári.

**Fjöldi eininga eftir umbúðum 2022–2024**




**Skil eftir tegundum umbúða hjá Endurvinnslunni og Sorpu**




Gögn eru byggð á upplýsingum frá Endurvinnslunni hf., sem annast söfnun og flokkun drykkjarumbúða í gegnum skilagjaldskerfið.

**Bjór – losun $CO_2$ g/Mlt og hlutfall álumbúða**




Hægt er að sjá upplýsingar um áfengissölu á vef Vínbúðanna, þar er hægt að sjá m.a. sölu út frá umbúðum.

# ORKUNOTKUN

Á Stuðlahálsi eru höfuðstöðvar, dreifingarmiðstöð og Vinbúðin Heiðrún og þar er um þriðjungur af heildar raforkunotkun. Sérstakt hússtjórnarkerfi stýrir álagi og vaktar hita og rafmagnsnotkun. Rafmagnsnotkun á Stuðlahálsi var sambærileg notkun 132 heimila (658.381 kWst) og hækkaði um 9% milli ára. Alls eru 22 hleðslustöðvar fyrir rafbíla á lóðinni. Ástæða fyrir aukningu eru bygginga- og viðhaldsframkvæmdir og með aukinni rafbílaeign er fyrirsjáanlegt að rafmagnsnotkun muni halda áfram að aukast.

Heitt vatn samsvaraði notkun 124 heimila (70.852 m$^3$) og hækkaði um 4% á milli ára. Veðurfar hefur almennt mikil áhrif á heitavatnsnotkun sem getur skýrt að hluta breytingar á milli ára.

**Orkunotkun á Stuðlahálsi**

| | 2023 | 2024 | Markmið 2024 | Mism. 23/24 | $CO_2$ [tonn] | Útreikningar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Rafmagn | 601 | 658 | 600 | 9% | 5,1 | MWst |
| Heitt vatn | 39.213 | 40.434 | 34.000 | 3% | 17,5 | m$^3$ |
| Heitt vatn – snjóbræðsla | 28.895 | 30.418 | 25.000 | 5% | 13,2 | m$^3$ |

**Rafmagnsnotkun Vínbúða**

Rafmagnsnotkun er að fullu þekkt á Stuðlahálsi og því sem samsvarar 66% heildarfermetrafjölda Vínbúða. Almenn raforkunotkun var 764 MWst á þessum fermetrum. Í leiguhúsnæði er rafmagn almennt hluti af leiguverði og því ekki fullnægjandi vitneskja um notkunina þar. Þekkt rafmagnsnotkun hækkaði um 4% á milli ára og var rúmlega 1,4 GWst.

Umreiknað miðað við heildarfermetrafjölda húsnæðis er áætluð almenn notkun rafmagns rúmlega 1,8 GWst á ári. Útblástur gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar raforku er 15 tonn $CO_2$.

**Rafmagn - kWst**



## Heitt vatn – $m^3$

Vitneskja um heitavatnsnotkun er sömu takmörkunum háð og vitneskja um rafmagnsnotkun. Heitavatnsnotkun er að fullu þekkt á Stuðlahálsi og 52% af heildarfermetrafjölda Vínbúða. Heitavatnsnotkunin var 46.525 $m^3$ fyrir þessa fermetra.

Heildarnotkun er áætluð 161.043 $m^3$ og hækkaði um 2,8% á milli ára. Helsta ástæðan er snjór og kuldi yfir vetrartímann. Útblástur gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar hitaorku er 70 tonn $CO_2$.

Þann 1. janúar 2023 varð sú breyting á í tengslum við kaup á raforku í landinu að upprunaábyrgðir raforku hættu að fylgja endurgjaldslaust með þeirri orku sem sölufyrirtækin keyptu á heildsölumarkaði. ÁTVR keypti ekki græna raforku af Orkusölunni. Markaðsbundin losun raforku er því 1.055 $tCO_2$.

## Heitt vatn – $m^3$




## Raforka og heitt vatn – allt fyrirtækið

| | 2023 | 2024 | Eining | Mismunur 23/24 | Útreikningar |
|---|---|---|---|---|---|
| Áætluð heildar almenn raforkunotkun | 1.747 | 1.813 | MWst | 4% | |
| Raforka - staðbundinn stuðull | 8,54 | 8,54 | g $CO_2$íg/kWst | 0% | Umhverfisstofnun 2024 |
| Raforka - markaðsbundinn stuðull | 510,7 | 581,8 | g $CO_2$íg/kWst | 4% | Orkustofnun 2021 og 2022 |
| Raforka - staðbundin losun | 14,9 | 15,5 | $CO_2$ tonn | 18% | |
| Raforka - markaðsbundin losun | 892,2 | 1.055,0 | $CO_2$ tonn | 3% | |
| Áætluð heitavatnsnotkun | 156.712 | 161.043 | $m^3$ | | |
| Heitt vatn – losunarstuðull | 434 | 434 | g $CO_2$íg/$m^3$ | 0% | Umhverfisstofnun 2024 |
| Heitt vatn – kolefnisspor | 68 | 70 | $CO_2$ tonn | 3% | |
| Vínbúðir – almenn raforkunotkun | 78 | 77 | kWst/$m^2$ | -1% | |

Í allri starfseminni er lögð áhersla á orkusparnað og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það fléttast inn í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 7, Sjálfbær orka, og númer 13, Aðgerðir í loftslagsmálum.

Innleiðing á LED lýsingu á Stuðlahálsi er lokið og í Vínbúðunum hefur markvisst verið unnið að innleiðingu og eru allar verslanir komnar með LED lýsingu. Sama gildir um skilti Vínbúðanna.

Almenn raforkunotkun á fermetra í Vínbúðum lækkaði á milli ára, fór úr 78 kWst/fm í 77 kWst/$m^2$.

**Samantekt á notkun á endurnýjanlegum og óendurnýjanlegum orkugjöfum í kWst.**

| | Magn 2024 | Stuðull | 2023 kWst | 2024 kWst | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| Heitt vatn – m3 | 161.043 | 44,4 | 6.958.013 | 7.150.309 | 3% |
| Raforka – kWst | 1.813.369 | 1 | 1.746.804 | 1.813.369 | 4% |
| Díselolía – ltr. | 47.804 | 10.73 | 536.361 | 512.937 | -4% |
| Bensín – ltr. | 2.703 | 9,5 | 9.823 | 25.679 | 161% |
| | | | **9.251.001** | **9.502.294** | 3% |

# LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNI

Áhersla er lögð á að bjóða vörur sem framleiddar eru í sátt við samfélag og umhverfi. Til að auka gagnsæi fyrir neytendur eru sérstakar merkingar í Vínbúðunum fyrir vottaðar vörur. Í þeim flokki eru vörur sem hafa vottun um lífræna ræktun, sjálfbæra framleiðslu, bíódínamíska ræktun og vottun um sanngjarna framleiðslu. Einnig verður tekið mið af umhverfisvænum umbúðum, svo sem áli, plasti og pappa með vistvænum vottunum.

Rannsókn sem unnin var af Ecogain AB fyrir norrænu áfengiseinkasölurnar (NAM) sýnir að lífrænir og lífefldir búskaparhættir stuðla betur að líffræðilegri fjölbreytni og jarðvegsheilbrigði en hefðbundinn búskapur.

**Vottaðar vörur**



Alls hafa 52 vottanir hlotið viðurkenningu hjá NAM, og sér Intertek í Svíþjóð um að meta hvort vottanir uppfylli viðmið til að komast í þennan hóp. Viðmiðin taka til umhverfislegra þátta í ræktun og framleiðslu, auk mannréttinda og stjórnarhátta.

Vottaðar vörur nema 14,1% af öllum vörunúmerum í vörusafni en hlutfallið er 4,3% þegar miðað er við selda lítra.

Algengustu vottunarmerkin í hverjum flokki eru: Eu Organic með 211 vottanir, Equitas 57 í sjálfbærni, Demeter 18 í bíódínamík og Wieta með 8 í sanngjarnri framleiðslu.

Í stefnuvísi NAM til 2030 er markmið að meirihluti vörusafnsins hafi faggilda vottun frá óháðum þriðja aðila. Stefnan leggur jafnframt áherslu á að upplýsa og þar með hvetja viðskiptavini til að velja frekar vottaðar vörur.

Líffræðileg fjölbreytni er grundvallaratriði fyrir heilbrigði vistkerfa, velferð samfélaga og sjálfbærni fyrirtækja.

## LOFTSLAGSMÁL OG LOFTSLAGSBÓKHALD

ÁTVR hefur sett sér loftslagsstefnu í samræmi við lög um loftslagsmál nr. 70/2021. Stefnan tók gildi 1. janúar 2022. Í stefnunni eru markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum til að ná settum markmiðum.

Á línuritinu hér fyrir neðan eru loftslagsmarkmið til ársins 2030. Flokkað er eftir losun frá fólksbílum, vörubílum (sem er stærsti hlutinn), sendiferðabílum og kælimiðlum. Til viðmiðunar er lína sem sýnir rauntölu beinnar losunar. Markmiðið er að draga úr beinni losun um 40% miðað við árið 2016, í samræmi við markmið Parísarsáttmálans.

**Bein losun til 2030**




Komið er til móts við alla beina losun með fjárfestingum í kolefnisverkefnum hjá Kolviði og SoGreen.

Kolviður býður upp á kolefnisbindingu með skógrækt með vottuðum kolefniseiningum, sem eru ekki kolefnisjöfnun heldur styrkur til kolefnisverkefna. Alls voru keyptar 113 kolefniseiningar hjá Kolviði.

SoGreen er íslenskt nýsköpunarfyrirtæki sem er að hefja framleiðslu nýrra tegunda kolefniseininga á heimsvísu: Kolefniseininga sem myndast með því að tryggja stúlkum í tekjulágum ríkjum menntun. Kolefniseiningarnar myndast við þá forðun í losun gróðurhúsalofttegunda sem verður þegar stúlkum er tryggð menntun. Menntun er ein áhrifaríkasta leiðin til þess að fyrirbyggja hjónabönd barna og þungun táningsstúlkna og þannig er hægt að vinna gegn fólksfjölgun og fátækt.

ÁTVR hefur gert 5 ára samning og keypti 50 kolefniseiningar hjá SoGreen. Þegar þær einingar verða virkar og vottaðar einingar munu þær vera taldar fram á móti losun.

**Losun**

ÁTVR gerir sér grein fyrir því að loftslagsbreytingar af mannavöldum eru staðreynd. Með því að skrifa undir yfirlýsingu um loftslagsmál skuldbindur fyrirtækið sig til að draga úr losun í starfsemi sinni. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 13, Verndun jarðarinnar, er hér í öndvegi.

**ALLUR**
beinn útblástur er kolefnisjafnaður

Allur beinn útblástur er kolefnisjafnaður. Hann er 145 tonn og flug 18 tonn í losunarsviði 3, alls 163 tonn.

Umhverfisáhrif vegna vörudreifingar skiptast annars vegar í losun koltvísýrings vegna eldsneytisbrennslu og hins vegar slit á vegum. Langtímamarkmið ÁTVR er að draga úr notkun jarðefnaknúinna bifreiða.

Á www.vinbudin.is má finna nánari upplýsingar um stöðu loftslagsmála og uppfærast tölurnar reglulega. Stefna ÁTVR er að vera fyrirmynd í samfélagslegri ábyrgð og mynda jákvætt kolefnisspor sem styður náttúruna.




## LOSUNARSVIÐ 1 – BEIN LOSUN

### Akstur

Í árslok voru 50 Vínbúðir í rekstri. Alls voru seldir 22,7 milljónir lítra af áfengi sem var dreift miðlægt frá dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi. Dreifingin er tvíþætt; 79% er dreift á eigin bílum og 21% af flutningum eru boðnir út. Eigin bílar flytja vörur um höfuðborgarsvæðið, Borgarnes, Akranes, Suðurnes og Suðurland að Hvolsvelli. Tóbaki er dreift með eigin bílum á höfuðborgarsvæðinu en önnur dreifing er boðin út. Alls voru keyptir 47.804 lítrar af díselolíu og 2.703 lítrar af bensíni. Samdráttur í kolefnislosun var 2 tonn $CO_2$ á árinu.

Alls eru níu díselbílar, þrír rafbílar og tveir tengiltvinnbílar í notkun í árslok. Við útreikninga á beinni losun frá bifreiðum er notaður losunarstuðullinn 2,72 fyrir dísel og 2,34 fyrir bensín. Þessar tölur eru fengnar frá Losunarstuðlum Umhverfisstofnunar.

**79%**
áfengis flutt með eigin bílum ÁTVR

### Jarðefnaeldsneyti



## Kælimiðlar




Kælar í Vínbúðum eru 16. Verið er að breyta kælimiðlum úr R404a í $CO_2$. Kælimiðillinn R404a var notaður í öllum kælirýmum, hann hefur ekki áhrif á ósonlagið heldur mikil gróðurhúsaáhrif. Losun af einu kg af R404a hefur sömu áhrif og 3.922 kg af koldíoxíði (1 x 3.922 GWP (e. Global Warming Potential)). Kælikerfin eru lokuð, engin óhöpp urðu í kælimiðlum á árinu. Í kerfunum eru 10 kg af kælimiðli. Notast er við sömu aðferð og í Danmörku þar sem áætlað er að 3% tap sé af kælimiðli á ári. Því er áætlað að 9 tonn af koldíoxíð ígildum ($CO_2$íg.) losni á ári. Skipt var í $CO_2$ kælimiðil í Vínbúðinni Álfabakka á árinu. Enn eru 8 Vínbúðir með R404a kælimiðla, þeim verður skipt út á næstu árum.

## Fjárfesting til kolefnisverkefna

Bein heildarlosun er 145 tonn af $CO_2$ og er kolefnið bundið hjá Kolviði og forðað hjá SoGreen. Binding hjá Kolviði samsvarar því að gróðursetja 950 tré.

### Kolefnisspor ÁTVR – bein losun $CO_2$-ígildi í tonnum




### Losun á losunarsviði 1

$CO_2$-ígildi í tonnum

| Tonn $CO_2$ – Umfang 1 | Áhrif | 2023 | 2024 | Breyting 23/24 |
|---|---|---|---|---|
| Eigin fólksbílar | BEIN | 9 | 10 | 11,1% |
| Eigin flutningabílar | BEIN | 114 | 109 | -4,4% |
| Eigin sendiferðabílar | BEIN | 15 | 17 | 13,3% |
| Kælimiðlar | BEIN | 11 | 9 | -18,2% |
| **Samtals:** | | **149** | **145** | **-2,7%** |

## LOSUNARSVIÐ 2 – ÓBEIN LOSUN

### Raforku- og varmanotkun

Rafmagnsnotkun á Stuðlahálsi og í Vínbúðunum jókst. Áætlað er að notaðar hafi verið rúmlega 1,8 GWst rafmagn og 161 þúsund rúmmetrar af heitu vatni fyrir allan rekstur. Áætlaður útblástur er að 15 tonn CO2 losni við framleiðslu rafmagns og 70 tonn CO2 við framleiðslu á heitu vatni.

**1,8**
GWst rafmagn fyrir allan rekstur

**Orkunotkun**
$CO_2$-ígildi í tonnum

| Tonn $CO_2$ – Losunarsvið 2 | Áhrif | 2023 | 2024 | Breyting 23/24 |
|---|---|---|---|---|
| Orkunotkun | ÓBEIN-2 | 83 | 85 | 3,0% |

## LOSUNARSVIÐ 3 – ÓBEIN LOSUN

### Loftslagsmarkmið í virðiskeðjunni

Forstjórar áfengiseinkasalna á Norðurlöndum undirrituðu stefnuvísi (e. RoadMap) til ársins 2030. Þar er markmiðið að draga saman losun í virðiskeðjunni, losunarsviði 3, um 50% viðmiðunarár 2020.

Það náðist góður árangur á árinu og fyrirtækið á réttri leið að markmiði.

**Virðiskeðjan - Langtímamarkmið um 50% samdrátt í losun**




**Umbúðir vörusafns**

**11.933**
tonn, heildar kolefn-isspor umbúða

Vörusafn áfengis hefur stærsta kolefnissporið, 50.222 $tCO_2$íg og er 96% af heildarlosun fyrirtækisins. Árið 2014 hófst vinna við lífsferilsgreiningu á vörusafni norrænu áfengiseinkasalanna, þá kom í ljós að umbúðir sköpuðu stærsta kolefnissporið. Eftir frekari greiningu var niðurstaðan sú að glerumbúðir skili stærsta sporinu.

Árið 2023 létu norrænu áfengiseinkasölurnar framkvæma nýja lífsferilgreiningu. Greiningin

byggir á nákvæmari og áreiðanlegri aðferð en áður. Niðurstöðurnar sýna að heildarlosun er hærri en sú sem var reiknuð árið 2023. Út frá nýjum gögnum var losunin frá 2020 til 2024 endurreiknuð.

Á árinu var unnið að gerð aðferðafræði við verkefnið kolefnisspor vöru (PCF) og mun vinna halda áfram næstu ár. Markmiðið er að draga úr losun og auka sjálfbærni og verður lykilverkfæri til að stefna að kolefnishlutleysi og mæta síauknum kröfum neytenda og lagaumhverfisins um loftslagsábyrgð.

Heildar kolefnisspor innri og ytri umbúða er 11.933 tonn og minnkaði um 9% milli ára.

ÁTVR hefur reiknað heildar kolefnisspor rekstrarins og er það 52.446 tonn $CO_2$íg. Langstærsti hlutinn er í virðiskeðjunni, losunarsviði 3, eða rúm 99%.

Niðurstöður sýna að fyrirtækið hefur náð utan um stærstu losunarvalda og náð að teikna stóru myndina. Samkvæmt Green House Gas Protocol Technical Guidance for Calculating Scope 3 Emissions eru 15 þættir sem taka þarf afstöðu til og er búið að uppfylla þær kröfur. Rannsóknir á fyrirtækjum í MSCI-vísitölunni sýna að 88% af losun fyrirtækja eru í virðiskeðjunni, losunarsviði 3 og 98% í smásölu.

**Hlutfall $CO_2$ losunar eftir losnunarsviðum – %**




**Framleiðsla á drykkjum og umbúðum þeirra veldur mestu losuninni.**

Framleiðsla á drykkjum stendur fyrir stærsta hluta kolefnissporsins, 48% (25.197 t$CO_2$íg). Næstmesta losunin stafar af framleiðslu drykkjarvöruumbúða og pakkninga 23% (11.933 t$CO_2$íg), þar á eftir kemur ræktun, 16% (8.434 t$CO_2$íg).

**Losun á losunarsviði 3 - 52.446 tonn tCO2**




Útreikningar eru unnir úr lífsferilsgreiningu sem gerð var fyrir vörusafnið af 2.-0 LCA consultants.

**Flutningur vöru**

Umfang aksturs þriðja aðila vegna dreifingar áfengis á landsbyggðinni er rúmlega 4,7 milljónir lítra, 200 tonn af $CO_2$. Það er 21% af seldu heildarmagni áfengis. Miðað er við rauntölur kolefnisspors frá Samskipum 96,4 g/tonnkm.

**Flug starfsfólks**

Starfsfólk flaug 39 ferðir til og frá Íslandi á árinu 2024. Samkvæmt reiknilíkani ICAO þá er losun þessara ferða samtals 13 tonn af $CO_2$. Í innanlandsflugi voru farnar samtals 51 ferð, flestar til Akureyrar. Samkvæmt reiknilíkaninu var losun samtals 5 tonn $CO_2$. Þó flug falli undir óbein áhrif er komið til móts við þá losun með fjárfestingum í kolefnisverkefnum hjá Kolviði, alls 18 tonn.

**Ferðavenjur til og frá vinnu**

Niðurstaðan var að 75 tonn af $CO_2$ losna út í andrúmsloftið vegna samgangna starfsfólks. Niðurstaða ársins er betri en fyrri ára sem skýrist meðal annars af því að minni mengun kemur frá einkabílum, fór úr 101 g/km niður í 92 g/km og því að samgöngusamningum við starfsfólk fjölgaði lítillega. Losunarstuðull fyrir strætó 51,3 g/km og 7,2 km meðalvegalengd frá vinnustað helst óbreytt.

**Losun starfsmanna CO2 - til og frá vinnu (tonn)**




Haldið verður áfram að hvetja starfsfólk til að nota vistvæna samgöngumáta og hefja orkuskipti á bifreiðum. Markmiðið er að ná undir 70 tonn $CO_2$ vegna losunar starfsfólks til og frá vinnu á næsta ári.

## Urðun úrgangs

Urðaður úrgangur var rúmlega 16 tonn á síðasta ári og úrgangur til orkuvinnslu tæp 17 tonn. Endurvinnsluhlutfallið hækkaði í 89% og kolefnissporið fór niður í 32 tonn af $CO_2$.

## Flutningur tóbaks og áfengis

Losun frá flutningi áfengis er 1.651 tonn af $CO_2$ og lækkar milli ára um 3,2%, en notað er líkan úr lífsferilsgreiningu vörusafns 2022. Sjóflutningur á stærsta hluta losunar. Mikið af bjórnum er framleitt innanlands og því er flutningur 3% af losun í virðiskeðjunni en 11% hjá einkasölum á Norðurlöndum.

Losun frá sjóflutningi neftóbaks er áætlaður 6 tonn $CO_2$ og lækkar um eitt tonn $CO_2$. 12% samdráttur er í sölu neftóbaks, hráefnið kemur að stórum hluta frá Filippseyjum. Sjóflutningur reyktóbaks er 16 tonn og lækkar um eitt tonn vegna 5% samdráttar í sölu.

Með nákvæmari losunartölum frá flutningsaðilum verða tölurnar raunhæfari. Í útreikningum var miðað við 28 g/tonnkm frá Eimskip (kolefnisreiknir Eimskips).

Heildarlosun alþjóðaflutnings er því 1.673 tonn $CO_2$.

## Tóbak

Ný tala er fengin úr lífsferilsgreiningu á tóbaki: „*Cigarette Smoking: An Assessment of Tobacco's Global Environmental Footprint Across Its Entire Supply Chain*" (American Chemical Society 2018). Dæmigerð sígaretta hefur vatnsspor upp á 3,7 lítra og losun upp á 14 g $CO_2$íg. Heildarlosun tóbaks sem fer í gegnum heildsölu hjá ÁTVR er 1.875 tonn $CO_2$.

## Bílaleigubílar og leigubílar

Bílaleigan Höldur er með ISO 14001 vottun og voru flestir bílar leigðir þaðan. Alls voru keyrðir 12.755 km og losun er tvö tonn. Losun frá leigubílum er óveruleg. Stefnan er ávallt sú að panta vistvæna leigubíla.

## Loftslagsbókhald - losunarsvið 3

$CO_2$-ígildi í tonnum

| GHGP | Losunarþáttur | 2023* | 2024* | Breyting 23/24 | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Landnotkun | 3.153 | 3.007 | 5,7% | Sala niður um 4,2% – lífsferilsgreining 2023 |
| 1 | Ræktun | 8.842 | 8.434 | 16,1% | Sala niður um 4,2% – lífsferilsgreining 2023 |
| 1 | Drykkjavöruframleiðsla | 26.253 | 25..197 | 48% | Sala niður um 4,2% – lífsferilsgreining 2023 |
| 1 | Umbúðir og pakkningar | 13.120 | 11.933 | 22,8% | Sala niður um 4,2% – lífsferilsgreining 2023 |
| 4 | Alþjóðlegur flutningur áfengis og tóbaks | 1.755 | 1.673 | 3,2% | Lífsferilsgreining 2023 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 10 | Tóbaksframleiðsla | 1.977 | 1.875 | 3,6% | Sala niður um 5,2% - 14 g $CO_2$ sígaretta |
| 9 | Innlendur vöruflutningur | 205 | 200 | 0,4% | Losunarst. úr 97,0 í 96,4 g/tkm - Samskip 2024 |
| 7 | Starfsfólk ferðir til og frá vinnu | 86 | 75 | 0,1% | Vistvænni bifreiðar |
| 5 | Úrgangur | 38 | 32 | 0,1% | Flokkunarhlutfall 88% |
| 6 | Flug og leigubílar | 19 | 20 | 0,0% | Flug kolefnisbundið, 18 tonn $CO_2$ |
| **Losun GHL - samtals** | | **55.448** | **52.446** | **-5,4%** | |
| Mismunur GHL á milli ára: | | -1.615 | -3.002 | | *Útreikningar uppfærðir |

GHGP stendur fyrir Technical Guidance for Calculating Scope 3 Emissions (v 1.0). Aðrir flokkar eiga ekki við.

**Loftslagsbókhald - Samantekt losunarsviða**

$CO_2$-ígildi í tonnum

| Tonn $CO_2$ –Losunarsvið 1, 2 og 3 | Áhrif | 2022 | 2023 | 2024 | Breyting 23/24 | Hlutfall af heildarlosun |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Losunarsvið 1 | **BEIN** | 141 | 149 | 145 | -2,7% | 0,3% |
| Losunarsvið 2 | **ÓBEIN** | 74 | 83 | 85 | 2,9% | 0,1% |
| Losunarsvið 3 | **BEIN** | 57.063 | 55.448 | 52.446 | -5,4% | 99,6% |
| Losun GHL - samtals | | **57.278** | **55.680** | **52.676** | -5,4% | |

**5,4%**
minni losun í losunarsviði 3

Langstærsti hlutinn er í virðiskeðjunni, losunarsviði 3, eða rúm 99%.

| Tonn $CO_2$ –Losunarsvið 1, 2 og 3 | Áhrif | 2023 | 2024 | Breyting 23/24 |
|---|---|---|---|---|
| Losun GHL - samtals | | 55.680 | 52.676 | -5,4% |
| Bein losun – Kolviður | | 99 | 95 | -4,0% |
| Kolefnislforðun – bein losun – SoGreen | | 50 | 50 | 0,0% |
| Flug – Kolviður | | 18 | 18 | 0,0% |
| Heildarlosun GHL m/bindinug | | 55.313 | 52.313 | -5,4% |
| $CO_2$ á selda milljón lítra (tonn) | | 2.351 | 2.321 | -1,3% |
| $CO_2$ á stöðugildi (tonn) | | 167 | 167 | 0,0% |
| $CO_2$ á veltu (tonn) | | 1.159 | 1.103 | -4,8% |

## Fjárfesting til kolefnisverkefna

CO2-ígildi í tonnum




## Úrgangur

Heildarmagn úrgangs minnkaði um 9% og flokkunarhlutfall hækkaði í 89% milli ára. Góður árangur náðist við að minnka magn blandaðs úrgangs í urðun en magnið minnkaði um 32% á milli ára, fór niður í rúmlega 16 tonn. Umfang á grófum úrgangi, 19 tonn, er vegna viðhaldsframkvæmda og er breytilegur á milli ára. Grófur úrgangur tengist ekki daglegum rekstri heldur tímabundnum framkvæmdum. Öll vörubretti fara í endurnotkun. Viðskiptavinir geta nýtt tóma kassa í sama tilgangi og koma þeir í mörgum tilfellum í staðinn fyrir kaup á burðarpokum.

Íslenska Gámafélagið sér um hirðingu úrgangs og fer nú helmingur af blönduðum úrgangi, alls 17 tonn, til orkunýtingar í Evrópu.

Heildarlosun $CO_2$ frá blönduðum úrgangi nemur nú 30 tonnum $CO_2$, samanborið við 38 tonn $CO_2$ árið áður.

Megnið af plasti sem fellur til, um 21 tonn, er glær plastfilma sem fer í endurvinnslu til Pure North Recycling í Hveragerði. Þar með er tryggt 82% minni loftslagsáhrif af plastinu sem fellur til.

Alls voru flokkuð 264 tonn til endurvinnslu og náðist 89% flokkunarhlutfall. Með endurvinnslu var hægt að koma í veg fyrir að út í andrúmsloftið losnuðu gróðurhúsalofttegundir sem jafngilda 1.323 tonnum af CO2. Það samsvarar ársnotkun á 441 fólksbílum (m.v. að hver fólksbíll losi 3 tonn) eða akstri allra bifreiða ÁTVR í 10 ár.




Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 12, Ábyrg neysla, er eitt af mikilvægustu markmiðum ÁTVR. Þótt markmið um 94% endurvinnsluhlutfall hafi ekki náðst í ár verður áfram stefnt að því hlutfalli næsta ár.




## Endurvinnsluhlutfall




## Úrgangur til endurvinnslu – tonn



# KOLEFNISHLUTLEYSI

Ísland hefur skilgreint kolefnishlutleysi á eftirfarandi hátt: Ástand þar sem jafnvægi hefur náðst milli losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis af mannavöldum og nettólosun er því engin (3. gr. laga um loftslagsmál nr. 70/20212).

Til að ná kolefnishlutleysi þarf að mæla beina og óbeina kolefnislosun starfseminnar. Fyrirtækin þurfa að móta stefnu og gera tímasetta aðgerðaráætlun með mælanlegum markmiðum. Þau þurfa að draga úr beinni og óbeinni losun og kolefnisjafna það sem eftir stendur í beinni losun, losunarsviði 1 (LS1) með vottuðum kolefniseiningum. Sækja þarf um staðfestingu frá þriðja aðila um ofangreindar aðgerðir og birta upplýsingar um framgang mála opinberlega í staðfestri sjálfbærniskýrslu .




Skýringarmyndin sýnir leið ÁTVR að kolefnishlutleysi en á árinu hlaut Kolviður vottun á sínar kolefniseiningar, en þær eru til að jafna út 115 tonn CO2. Mikilvægt er þó að hafa í huga að kolefniseiningar í bindingarferli, eins og þær sem Kolviður býður upp á, verða ekki virkar fyrr en binding þeirra hefur verið staðfest með reglubundnum mælingum. Þær einingar eru því skráðar í sérstaka kolefnisskrá Kolviðar og verða aðgengilegar til kolefnisjöfnunar í takt við framvindu bindingar.

Kolefniseiningar SoGreen, 50 tonn CO2 árlega verða virkar árið 2026.

ÁTVR hefur náð kolefnisjöfnun í eigin rekstri með því að kolefnisjafna losunarsvið 1 (bein losun frá starfseminni) og kolefnisjafna flug innan losunarsviðs 3. Þess vegna er kolefnisspor starfseminnar jákvætt þegar kemur að rekstrarstarfsemi fyrirtækisins.

Fyrirtækið stefnir að enn frekari samdrætti í losun, með það að markmiði að draga úr losun í losunarsviði 3 um 50% fyrir árið 2030 miðað við árið 2020. Þar liggur stærsti hluti losunar fyrirtækisins. Markvissar aðgerðir með norrænu einkasölunum styðja við þessi markmið. Með því að vinna í takt við alþjóðlega staðla og loftslagsmarkmið tryggir ÁTVR að reksturinn stuðli að sjálfbærni og kolefnishlutleysi til framtíðar.

# UMHVERFISLÖG OG REGLUR

Fyrirtækið hefur hvorki fengið sektir né viðurlög vegna brota gegn umhverfislögum né -reglum.

## Innra eftirlit og sjálfbær stjórnun

ÁTVR leggur ríka áherslu á umhverfislega ábyrgð í rekstri og styður við sjálfbærnimarkmið sín með Grænum skrefum í ríkisrekstri, grænu bókhaldi og loftslagsstefnu. Þessi nálgun tryggir að fyrirtækið starfi í samræmi við gildandi umhverfislög og reglugerðir, á sama tíma og markvisst er unnið að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar.

## REKSTUR

Stór hluti tekna ÁTVR er með einum eða öðrum hætti hluti af tekjum ríkissjóðs, í formi áfengis- og tóbaksgjalda, virðisaukaskatts og arðs. Í ár nam þessi upphæð um 27.548 milljónum króna, en var 28.120 milljónir króna árið á undan. Greiddur var 250 milljón króna arður í ríkissjóð.

1. janúar 2024 voru gerðar breytingar á áfengis- og tóbaksgjöldum. Áfengisgjald og tóbaksgjald var hækkað um 2,5% á alla flokka.

## HAGNAÐUR OG SÖLUTÖLUR

Hagnaður var 537 milljónir króna, í samanburði við 779 milljónir króna árið 2023. Rekstrartekjur ársins voru 42.218 milljónir króna. Rekstrargjöld námu 41.776 milljónum króna, þar af var vörunotkun 35.906 milljón króna. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 824 milljónir króna, eða 2%. Arðsemi eiginfjár á árinu var 7,4%.

**537**
milljón króna
hagnaður

Arður til
ríkissjóðs
**250**
milljónir króna

## SALA TÓBAKS

Tekjur af sölu áfengis voru 34.230 milljónir króna án vsk. og minnkuðu um 0,4%. Alls voru seldir 22,7 milljón lítrar af áfengi. Sala ársins var 4,2% minni í lítrum í samanburði við fyrra ár. Sala dróst saman í öllum flokkum; í léttvíni um 5,2%, í sterku áfengi um 2,7% og 4,1% í bjór.

Neftóbak
**9**
tonn seld

Sala á
vindlingum
**5,2%**
minnkun

## TÓBAK

Í desember 2023 voru á Alþingi samþykkt lög nr. 110/2023 um breytingar á lögum um tóbaksvarnir. Lögin fela í sér innleiðingu á Evrópureglum og munu þau leiða til margvíslegra breytinga í viðskiptum með tóbaksvörur og jurtavörur til reykinga. ÁTVR hefur verið falið það hlutverk að annast framkvæmd og hafa eftirlit með ákveðnum þáttum laganna. Má þar m.a. nefna skýrslugjöf um innihaldsefni og losun, einkennandi bragð, merkingu og umbúðir, rekjanleika, skráningu og öryggisþátt.

Ein helsta breytingin sem verður með nýju lögunum er að allir einingapakkar tóbaksvöru sem seldir verða á Íslandi skulu merktir með einkvæmu auðkenni. Þannig verður hægt að rekja feril vöru frá framleiðenda til fyrsta smásala. Þannig þurfa framleiðendur, innflytjendur, heildsalar, flutningsaðilar og vöruhús að skanna vörur inn og út til staðfestingar á því hvaða vara er stödd á hvaða stað og hvenær. Fyrirkomulag rekjanleikakerfisins verður kynnt þegar nær dregur innleiðingu, en vinna við uppsetningu kerfisins hélt áfram á árinu.

## FRAMKVÆMDIR

Ný Vínbúð var opnuð að Álfabakka á sama tíma og Vínbúðinni Stekkjarbakka var lokað. Á Akureyri hófust framkvæmdir við nýja Vinbúð sem opnaði 4. mars 2025. Lokið var við endurbætur á húsnæði ÁTVR að Stuðlahálsi og unnið var við stækkun á dreifingarmiðstöðinni.

Í Vínbúðunum Siglufirði, Vopnafirði, Sauðárkróki, Seyðisfirði og Reykjanesbæ var unnið að ýmsum endurbótum.

**50**
Vínbúðir um allt land

**13**
Vínbúðir á höfuðborgar-svæðinu

## VÖRUMEÐHÖNDLUN OG DREIFING

Með markvissri vörustjórnun er leitað leiða til að koma vörum í hillur Vínbúðanna með sem skilvirkustum hætti. Með samstilltu átaki og góðri samvinnu hefur verið farið í fjölmörk verkefni til að bæta innkaup, dreifingu og vörumeðhöndlun. Markmiðið er skilvirkt ferli flutninga, meðal annars með betri nýtingu flutningabíla, sem um leið minnkar umhverfisáhrif. ÁTVR dreifir vörum með eigin bifreiðum á höfuðborgarsvæði, til Akraness, Borgarness, Reykjanesbæjar og í Vínbúðir suðurlandi til og með Hvolsvelli. Aðrir flutningar eru boðnir út.






# ÁRSREIKNINGUR 2024


Skýrsla og áritun forstjóra ............................ 66

Áritun Ríkisendurskoðunar ............................ 67

- Til fjármála og efnahagsráðherra ............................ 67

Rekstrarreikningur árið 2024 ............................ 69

Efnahagsreikningur 31. desember 2024 ............................ 70

Sjóðstreymi árið 2024 ............................ 71

Skýringar ............................ 72

- Grundvöllur reikningsskila ............................ 72
- Starfsmannamál ............................ 73
- Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ............................ 74
- Rekstrarfjármunir ............................ 74
- Eignarhlutar í félögum ............................ 75
- Birgðir ............................ 75
- Viðskiptakröfur ............................ 75
- Eigið fé ............................ 75
- Önnur mál ............................ 75
- Kennitölur ............................ 76

# SKÝRSLA OG ÁRITUN FORSTJÓRA

Áfengis-og tóbaksverslunin ríkisins (ÁTVR) starfar í samræmi við lög nr. 86/2011 og er í eigu íslenska ríkisins. Markmið laganna er að skilgreina umgjörð um smásölu áfengis og heildsölu tóbaks sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð. Að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og tóbaki og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu. Að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð á óæskilegum vörum. ÁTVR heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra.

Á árinu 2024 var áfengi selt fyrir 38 ma.kr. með virðisaukaskatti. Í lítrum dróst sala áfengis saman um 4,2% á milli ára. Alls seldust 22.699 þús. lítrar, þar af var bjórsala 17.578 þús. lítrar.

Sala tóbaks nam 9,8 ma.kr. með virðisaukaskatti. ÁTVR innheimtir tóbaksgjald. Gjaldið nam 4.508 m.kr. á árinu 2024 og lækkaði um 70,6 m.kr. frá árinu á undan. Sala vindlinga í magni dróst saman um 5,2%. Sala vindlinga nam 646 þús kartonum og af vindlum seldust 3.003 þúsund stykki. Selt magn neftóbaks var 9.036 kg. og var samdráttur 11,34% frá fyrra ári.

Viðskiptavinafjöldi Vínbúðanna var 5,1 milljónir sem er 3,5% fækkun frá árinu á undan

Eignir námu 9.216 m.kr, skuldir voru 1.703 m.kr. og eigið fé nam 7.513 m.kr. í árslok 2024. Greiddur var 250 m.kr. arður í ríkissjóð

Á árinu fengu 616 starfsmenn greidd laun hjá ÁTVR. Margir eru í hlutastarfi. Ársverk voru 315, sem er fækkun um 18 ársverk á milli ára.

Lög um um gjald af áfengi og tóbaki var breytt í upphafi árs þannig að bæði áfengisgjald og tóbaksgjald var hækkað um 2,5%.

Ný vínbúð var opnuð að Álfabakka 6, Reykjavík og framkvæmdir við nýja búð á Akureyri hófust. Lokið var við endurbætur á húsnæði ÁTVR að Stuðlahálsi í Reykjavík og unnið var við stækkun á dreifingar-miðstöðinni.

Í vínbúðunum á Siglufirði, Vopnafirði, Sauðárkróki, Seyðisfirði og Reykjanesbæ var unnið að lagfæring-um á húsnæði og ýmsum endurbótum.

Forstjóri ÁTVR staðfestir ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, mars 2025

Undirritað rafrænt

***Ívar J. Arndal,***

forstjóri.

# ÁRITUN RÍKISENDURSKOÐUNAR

## TIL FJÁRMÁLA OG EFNAHAGSRÁÐHERRA

### Álit

Ársreikningur ÁTVR fyrir árið 2024 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu ÁTVR 31. desember 2024, afkomu fyrirtækisins og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður ÁTVR og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

### Ábyrgð forstjóra á ársreikningnum

Forstjóri er ábyrgur fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Forstjóri er einnig ábyrgur fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissa er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

> Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
>
> Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
>
> Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
>
> Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi fyrirtækisins.
>
> Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa forstjóra um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, mars 2025

***Guðmundur Björgvin Helgason,***

ríkisendurskoðandi

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Sala áfengis | | 34.230.476 | 34.381.787 |
| Sala tóbaks | | 7.903.669 | 7.978.212 |
| Sala umbúða o.fl. | | 83.880 | 121.214 |
| | | 42.218.025 | 42.481.213 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Vörunotkun | 10 | 35.905.688 | 36.011.130 |
| Laun og launatengd gjöld | 11 | 3.712.595 | 3.680.975 |
| Húsnæðiskostnaður | | 877.149 | 858.428 |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | | 232.861 | 234.609 |
| Stjórnunar- og skrifstofukostnaður | | 617.155 | 570.155 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 49.018 | 53.960 |
| Afskriftir | 13 | 381.699 | 357.256 |
| | | 41.776.165 | 41.766.513 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 441.860 | 714.700 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | 12 | 94.775 | 64.225 |
| **Hagnaður ársins** | | 536.635 | 778.925 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 4,13 | 2.441.500 | 1.813.278 |
| Eignarhlutir í félögum | 5,14 | 7.500 | 7.500 |
| Fastafjármunir samtals | | 2.449.000 | 1.820.778 |
| Birgðir | 6,15 | 2.803.490 | 2.738.169 |
| Viðskiptakröfur | 7,16 | 654.037 | 1.060.497 |
| Handbært fé | 8 | 3.309.951 | 3.365.697 |
| Veltufjármunir samtals | | 6.767.478 | 7.164.363 |
| **Eignir samtals** | | 9.216.478 | 8.985.141 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 17 | 7.512.935 | 7.226.300 |
| **Eigið fé samtals** | | 7.512.935 | 7.226.300 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Lánardrottnar | 9 | 967.164 | 986.927 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 736.379 | 771.914 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 1.703.543 | 1.758.841 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 9.216.478 | 8.985.141 |
| Skuldbindingar | 18 | | |

 Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2024

| | Skýr. | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður ársins | | 536.635 | 778.925 |
| *Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:* | | | |
| Afskriftir | 13 | 381.699 | 357.256 |
| Söluhagnaður fastafjármuna | | ( 12.136 ) | ( 43.396 ) |
| ***Veltufé frá rekstri*** | | 906.198 | 1.092.785 |
| *Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:* | | | |
| Birgðir,lækkun ( hækkun) | | ( 65.321 ) | 181.575 |
| Skammtímakröfur,lækkun (hækkun ) | | 406.460 | 12.493 |
| Skammtímaskuldir,(lækkun) hækkun | | ( 55.298 ) | ( 126.547 ) |
| | | 285.841 | 67.521 |
| ***Handbært fé frá rekstri*** | | 1.192.039 | 1.160.306 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fasteignir | 13 | ( 422.061 ) | ( 24.947 ) |
| Innréttingar og annar búnaður | 13 | ( 554.181 ) | ( 309.829 ) |
| Bifreiðar | 13 | ( 39.730 ) | ( 42.558 ) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 18.187 | 54.562 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | ( 997.785 ) | ( 322.772 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Arður til ríkissjóðs | 17 | ( 250.000 ) | ( 500.000 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | ( 250.000 ) | ( 500.000 ) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | ( 55.746 ) | 337.534 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 3.365.697 | 3.028.163 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 3.309.951 | 3.365.697 |

# SKÝRINGAR

## REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

## GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILA

**1.** Ársreikningur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### SKATTAR

**2.** Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatta.

### ERLENDIR GJALDMIÐLAR OG INNLENDAR VÍSITÖLUR

**3.** Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur í árslok. Viðskipti í erlendum gjaldeyri á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.
Peningalegar eignir og skuldir sem bundnar eru verðtryggingu eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2024. Breytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

### REKSTRARFJÁRMUNIR

**4.** Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði. Frá kostnaðarverði eru dregnar reiknaðar afskriftir.
Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum kostnaði við að koma eignunum á viðeigandi stað og í nothæft ástand.
Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við áætlaðan endingartíma og eignarhaldstíma.

### EIGNARHLUTAR Í FÉLÖGUM

**5.** Eignarhlutar í félögum eru færðir á nafnverði.

### BIRGÐIR

**6.** Birgðir samanstanda af endursöluvörum og rekstrarvörum. Birgðirnar eru metnar á síðasta innkaupsverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

### VIÐSKIPTAKRÖFUR

**7.** Greiðslukortakröfur eru færðar meðal viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

### HANDBÆRT FÉ

**8.** Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### VIÐSKIPTASKULDIR

**9.** Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

### VÖRUNOTKUN

**10.** Tóbaksgjald er innheimt við sölu tóbaks og er því skilað mánaðarlega til Skattsins. Tóbaksgjaldið er skilgreint sem hluti af kostnaðarverði seldra vara í bókhaldi ÁTVR. Alls námu greiðslur tóbaksgjalds 4.508 m.kr. á árinu 2024.

| Sundurliðun vörunotkunar | **2024** | **2023** |
|---|---|---|
| Vörunotkun, áfengi | 29.247.301 | 29.302.998 |
| Vörunotkun, tóbak | 6.629.607 | 6.674.450 |
| Vörunotkun, umbúðir | 28.780 | 33.683 |
| | 35.905.688 | 36.011.130 |

## STARFSMANNAMÁL

**11.** Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Dagvinnulaun | 2.177.102 | 2.146.136 |
| Yfirvinna | 781.906 | 769.397 |
| Launatengd gjöld | 669.873 | 658.284 |
| Viðbótarframlag til lífeyrissjóðs | 69.984 | 97.498 |
| Áfallið reiknað orlof, breyting | 13.730 | 9.660 |
| | 3.712.595 | 3.680.975 |

Launagjöld hækka um 0,9% milli ára. Reiknuð ársverk á árinu 2024 voru 315, en 333 árið 2023.

Laun og launatengd gjöld vegna forstjóra námu 27,75 m.kr. en voru 26,3 m.kr. árið á undan.

Áunnið orlof starfsmanna er reiknað og fært í ársreikninginn. Það nam 216,2 m.kr. í árslok 2024 en til samanburðar nam skuldbindingin 202,5m.kr. árið áður.

